



Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun

www.vverk.is Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

- Greiðslumat á netinu
- Lánsumsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is



Simanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156



Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 11. október 2007 · 41. tbl. · 24. árg.



Vona að Vestfirðingar nái aftur vopnum sínum

– **rætt við Eirík Finn Greipsson aðstoðarsparisjóðsstjóra Sparisjóðs Vestfirðinga og framkvæmdastjóra Hvetjanda um fyrirhugaða sameiningu sparisjóðsins og vandamál atvinnulífsins á Vestfjörðum**

Danskur lýðháskóli að Núpi?

Listaháskóli Íslands og viðskiptaháskólinn á Bifröst höfðu hug á því að nýta sér húsnæði gamla héraðsskólans á Núpi í Dýrafirði en hafa nú dregið í land. Að sögn Sæmundar Þorvaldssonar, sem sæti á í Núpsnefnd, er næsta skref að íhuga hugmyndir um að koma fót dönskum lýðháskóla á Núpi á vegum Ungmennafélag Íslands í samstarfi við systursamtök UMFÍ í Danmörku og stjórnvöld á Íslandi. „Sú hugmynd er á frumstigi og við höfum ekki unnið í henni á meðan Listaháskólinn og viðskiptaháskólinn á Bifröst voru að skoða málin.

Við ætlum að setja okkur í samband við UMFÍ á næstu dögum,“ segir Sæmundur. Eins og greint hefur verið var frá var Núpur settur á sölu hjá Ríkiskaupum í vor en ákveðið var að fresta sölu skólans þar sem engin ásættanlegt tilboð bárust. Danskur lýðháskóli er ekki eina hugmyndin að nýtingu Núps en að sögn Sæmundar hefur einnig borist tillögur um að nýta húsnæðið fyrir sumariþróttabúðir fyrir drengi, aðsetur fyrir fólk á vegum Háskólaseturs Vestfjarða part úr sumri, hótélrekstur eða, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, með-



Núpur í Dýrafirði.

ferðarheimili fyrir unglinga. „Ekkert hefur verið ákveðið en sölu hefur verið frestað á meðan kannað var hvaða mergur væri í beinum þeirra

hugmynda sem lagðar hafa verið fram. Það er nú einu sinni þannig að allar hugmyndir eru góðar en spurningin er hversu langt menn vilja

ganga til þess að framkvæma þær. Sjaldan leiða hugmyndir til neins nema einhver fylgi þeim eftir“, segir Sæmundur. – thelma@bb.is



Tvær vilja starf skólastjóra GÍ

Tvær umsóknir bárust um starf skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði en umsóknarfrestur rann út 1. október. Umsækjendur voru Jóna Benediksdóttir, fyrrum aðstoðarskólastjóri grunnskólans, og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, en hún var deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri í Borgarskóla í Grafarvogi áður en hún hóf störf sem kennari við Grunnskólann á Ísafirði í haust.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar mun á næstunni veita umsögn um umsækjendur en en endanleg ákvörðun er hjá bæjarsjórn. Eins og greint hefur frá hefur Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri grunnskólans, ákveðið að flytja búferlum til Álftaness. Hann þótti hæfastur af yfir 20 umsækjendum um stöðu forstöðumanns velferðar- og skólaþjónustu á Álftanesi og hefur bæjarráð Álftaness samþykkt að ganga til samninga við hann. – thelma@bb.is



Litill heimur ... hugsum stórt

EIMSKIP
www.eimskip.is

Dagurinn í dag

11. október 2007 –284. dagur ársins

Þennan dag árið 1914 voru lög um notkun bifreiða staðfest. Enginn mátti stýra bifreið nema hann væri „fullra 21 árs að aldri“. Í þéttbýli mátti ökuhraði aldrei vera meira en 15 km á klukkustund en 35 km utan þéttbýlis.

Þrjár bílveltur

Þrjár bílveltur urðu í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum í síðustu viku þar sem ökumenn og farþegar slösuðust lítillsháttar. Kl. 16:50 á þriðjudag valt bifreið í Skálavík í Mjóafirði. Tveir menn voru þar á ferð á pallbifreið sem valt út af veginum og skemmdist mikið. Í fyrstu var óttast að mennirnir væru mikið slasaðir en svo reyndist ekki vera. Ökumaðurinn er grunaður um ölvum við akstur.

Tvær bílveltur urðu á Ísafirði aðfaranótt sunnudagsins, en þá snjóaði í byggð og akstursskilyrði voru slæm. Ökumaður sem grunaður er um ölvun við akstur, velti bifreið sinni við Úlfásá í Skutulsfirði, og hafnaði bifreiðin í ánni. Meiðsl ökumanns, sem var einn í bifreiðinni, reyndust minniháttar. Þá valt bifreið þessa sömu nótt á Hnífsdalsvegi og má rekja óhappið til slæmra akstursskilyrða. Ökumaður og tveir farþegar voru fluttir á sjúkrahús en reyndust ekki mikið slasaðir.

Tekinn með fíkniefni

Á laugardag var bifreið stöðvuð við reglubundið eftirlit á Ísafirði. Ökumaður hennar reyndist sviptur ökuréttindum.

Við leit í bifreiðinni fannst lítillræði af hassi sem ökumaðurinn viðurkenndi að eiga. Þessa sömu nótt hafði lögreglan afskipti af unglingasamkvæmi sem haldið var í húsi í nágrenni Ísafjarðar. Af þessu tilefni var lögreglan í samskiptum við forráðamenn 12 ungmenna vegna ölvunar þeirra eða brotum á reglum um útvistartíma.

Í vikunni fengu eigendur nokkurra bifreiða sjö daga frest til að færa bifreiðar sínar til skoðunar. Viðvörðun þessa efnis var límd á 14 bifreiðar á eftirlitssvæði lögreglumanna á Ísafirði.

Í vikunni voru fjórtán ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur. Flestir þessara ökumanna voru á ferð um þjóðveginn í nágrenni Hólmavíkur.

Um 50 óskráðir einstaklingar við vinnu á Vestfjörðum

Í sérstöku átaki sem Vinnu-
málastofnun hefur hrint af stað til að framfylgja lögum um eftirlit með útlendingum sem starfa hérlendis kom í ljós að 49 einstaklingar voru óskráðir á Vestfjörðum. Að sögn Guðrúnar Stellu Gissur-

ardóttur forstöðumanns Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða er búið að skrá þá alla og skila inn ráðningarsamningum, en oftast er um að kenna trassaskap hjá fyrirtækjum að ganga frá þessum málum. Nokkur nöfn hafa bæst í hópinn síðan

og er verið að vinna í þeim núna.

Átakið nefnist „Allt í ljós!“ og beinist að auknu eftirliti með skráningu vinnuveitenda vegna ráðninga starfsmanna frá nýju ríkja Evrópusambandsins, eftirliti með að

starfsmannaleigur uppfylli skráningarskyldur, og eftirliti með að erlend fyrirtæki sem hafa staðfestu innan EES hafi veitt Vinnu-
málastofnun fullnægjandi upplýsingar um starfsemi sína.

Markmið átakans er að

tryggja að starfsemi erlendra fyrirtækja sem hér starfa sé í samræmi við íslensk lög og að innlendir atvinnurekendur virði réttindi erlends launafólks og tilkynni ráðningar þess.

– thelma@bb.is

Nýju þjónustuveri komið á fót

Eymundsson hf., vinnur nú að því að koma upp þjónustuveri á Ísafirði vegna nýrrar starfsemi sem fyrirtækið er að setja á stofn sem felst í bókaklúbbum.

„Til að byrja með munum við ráða í tvær fullar stöður í þjónustuverinu en ef áætlanir standast munu bókaklúbbarnir vaxa og dafna með tímanum og þar af leiðandi þurfum við að auka við starfskraftinn á Ísafirði“, segir Kristín Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá Eymundsson. Þjónustuverið, sem mun þjóna öllu landinu, verður staðsett í húsnæði Pennans-Eymundssonar í Bókhlaðunni og að sögn Kristínar verður það sett á stofn eins fljótt og unnt er, jafnvel á næstu dögum. Mikil eftirvænting er hjá Eymundssonmönnum vegna uppsetningu þjónustuværsins.

„Við erum mjög spennt fyrir þessu en við erum markvisst að reyna auka starfsemi úti á landi og viljum að hún sé sem öflugust. Sem dæmi má taka að nýja flaggskip Eymundssonar er á Akureyri og við vorum nýverið að opna glæsilega verslun á Akranesi sem er líka kaffihús, og er það fyrsta verslunin okkar á landsbyggðinni sem inniheldur einnig kaffihús“, segir Kristín.

Byrjað er að auglýsa eftir þjónustufulltrúum í hið nýja þjónustuver en í starfinu felst meðal annars símsvörðun og þjónusta við viðskiptavinum, áskriftaskráning og undirbúningur útsendinga.

– thelma@bb.is



Þjónustuverið verður staðsett í Bókhlaðunni.

Vatnsfjörður í Ísafjarðardjúpi gerður út sem ferðamannastaður?

Uppi eru hugmyndir um að Vatnsfjörður í Ísafjarðardjúpi verði kynntur sem ferðamannastaður vegna fornleifauppgroftar á staðnum. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri, í Súðavík og Dagbjört Hjaltadóttir, sveitarstjórnarmaður, hafa fyrir hönd hreppsins fundað með forsvarsaðilum

verkefnisins „Vestfirðir á miðöldum“ um mögulega aðkomu sveitarfélagsins að verkefnum og kynningu á Vatnsfirði sem ferðamannastaðar. Málið var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar og var sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu. Uppgröftur í Vatnsfirði hófst sumarið

2003, þá voru teknir nokkrir könnunarskurðir á svæðinu og í ljós kom langeldur frá landnáms tímanum.

Sumarið 2004 hófst eiginlegur uppgroftur og grafinn upp skáli frá landnámsöld. Einnig var hafist handa við bæjarhólinn, en þar undir leynast mörg lög minja, m.a.

frá lokum miðalda sem að öllum líkindum vitna um höfðingjasetrið Vatnsfjörð. Síðan þá hafa m.a. fundist leifar af smiðju og brot úr gullnælu frá víkingatímanum og þrjár byggingar við landnámskálann.

Undanfarin tvö ár hefur Fornleifaskólinn haft starf-

semi í Vatnsfirði, en um er að ræða alþjóðlegan skóla sem starfar meðan á uppgrefti stendur. Sækja hann nemendur víða að úr heiminum. Samhliða starfsemi hans hófust rannsóknir á menningarlandslagi í kringum Vatnsfjörð í Ísafjarðardjúpi.

– thelma@bb.is



Sakfelldur fyrir að ráðast tvisvar á sama manninn

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann um tvítugt í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast tvisvar á sama manninn með um mánaðar millibili. Var hann jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu rúmar 360 þúsund krónur í miska- og skaðabætur. Fyrri árásin átti sér stað í Bolungarvík í apríl en þá réðst hinn ákærði á manninn, skallaði hann og sló í andlitið og kýldi í skrokk með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut ýmis meiðsl. Í síðara tilvikinu, sem átti sér stað í Súðavík í maí, réðst maðurinn á sama mann, sló hann í andlitið og sparkaði í gagnauga hans þannig að hann hlaut meðal annars glóðarauga og það flisaðist úr framtönn. Maðurinn játaði á sig báðar árásir en tók það fram að í síðara tilvikinu hefði fórnarlambið manað hann í slagsmál við sig. Við ákvörðun refsingar horfði dómurinn til þess að maðurinn hefði í tvígang ráðist harkalega að fórnarlambi sínu en það var virt honum til málsbóta að hann játaði brot sín fyrir dómi. Enn fremur var horft til þess að maðurinn hafði ekki áður komist í kast við lögin og þess hve ungur hann er. Þótti tveggja mánaða fangelsi sem skilorðsbundið er til tveggja ára hæfileg refsing.

Rækjuvinnsla á ný á Ísafirði

Byggðastofnun hefur gefið grænt ljós á fjármögnun til að endurreisa rækjuvinnsluna Miðfell á Ísafirði. Byggðastofnun verður einn af hluthöfum verksmiðjunnar. Jón Guðbjartsson, einn eigenda Miðfells, segir að næsta skref sé að stofna hlutafélag og vinna

í því að koma verksmiðjunni í gang. „Það tekur auðvitað tíma fyrir okkur og Byggðastofnun að gera okkur klár en eins og málum er háttað nú þá er fátt sem getur komið í veg fyrir að við náum að opna fljótt.“ Jón segir ekki komið á hreint hve margir starfsmenn komi

til með að vinna hjá fyrirtækinu en að þeir verði væntanlega í kringum 25 til að byrja með. „Starfsmannafjöldi er ekki kominn á hreint. Við stefnum auðvitað að því að fara langleiðina í að hafa sama starfsmannafjölda og var en ég gæti trúað því að við

byrjum með 25 starfsmenn.“ „Rækjan er að verða seljanglegr ef svo má segja. Við horfum mikið til þess að framleiða meira en bara pillaða rækju. Horfum lengra fram í tímann og ef við förum vel af stað þá viljum auðvitað víkka okkar starfsemi.“



Gert er ráð fyrir að endurbótum við félagsheimili Bolvíkinga verði lokið fyrir árslok 2008.

Flutningskostnaður jafnaður á Vestfjörðum

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2008 sem kynnt var fyrir stuttu er gert ráð fyrir að 150 milljónum króna verði veitt til jöfnunar á kostnaði við vöruflutninga til Vestfjarða. Um er að ræða tímabundna greiðslu sem lýkur þegar samgöngubótum til Vestfjarða er lokið. Segir í frumvarpinu að niðurgreiðslan muni renna til flutningsfyrirtækjanna en ekki beint til

einstakra viðskiptavina þeirra og sé viðbótarafsláttur við þau kjör sem fyrirtækin kunni að njóta í dag. Samgöngubæturnar eru: Vegur um Arnkøtludal, þverun Mjóafjarðar og aðrar vegabætur í Djúpinu sem öllum á að vera lokið síðari hluta ársins 2008. Samkvæmt skýrslu samgönguráðuneytisins frá í maí er 18% dýrara en ætla mætti, að flytja vörur til og frá Ísafirði. Háværar kröfur hafa ver-

ið á Vestfjörðum um jöfnun flutningskostnaðar og jafnframt verið eitt helsta baráttumál Sjávarútvegsklasa Vestfjarða frá því í maí í fyrra. Þess má geta að lagt er til að um 400 miljóna króna framlag til flutningasjóðs olíuvara falli niður á næsta ári. Áformað er að leggja sjóðinn niður en lög um hann tóku gildi 1994. – [gunnaratli@bb.is](#)

Félagsheimili Bolungarvíkur gert upp

Ákveðið hefur verið að ráðast í endurbætur á félagsheimili Bolungarvíkur og gert er ráð fyrir að nýtt menningarhús Bolungarvíkur verði til-

búið fyrir 31. desember 2008. Bæjarráð hefur samþykkt að ráðinn verði eftirlitsaðili sem fari yfir útboðsgögn og í kjölfarið fari fram lokað útböð

vegna endurbóta á félagsheimilinu. Fjárheimildir fyrir árið 2007 verði auknar um allt að 10 milljónir króna og það sem út af standi verði vís-

að til fjárhagsáætlunar 2008. Bæjarstjóra hefur verið gefið umboð til að leita hagkvæmstu fjármögnunar sem völ er á vegna þessarar fram-

kvæmdar. Félagsheimilið verður lokað frá 1. nóvember, fyrir utan að árshátíð starfsmanna bæjarins fer fram í félagsheimilinu eins og stefnt

var að þann 17. nóvember, en byrjað verður á niðurrifi. Félagsheimilið hefur verið samkomustaður Bolvíkinga frá því að það var vígt árið 1952.

Þjónustusvæði breytt í raðhúsalóðir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur tilkynnt að breytingar á deiliskipulagi á Suðureyri verði auglýstar, en þær fela í sér að lóðir neðan Sætúns verði gerðar að raðhúsalóðum. „Til að koma til móts við ábendingar íbúa við Sætún var þessum raðhúsalóðum bætt inn í stað þjónustusvæðis eins og fyrri tillaga var. Gamalt skipulag gerir ráð fyrir íbúðabyggð á þessu svæði og því er bara verið að halda þeim möguleikanum opnum að hægt verði að ráðast í fjölgun íbúða á Suðureyri ef einhver hefur áhuga á því að byggja þar í framtíðinni“, segir Elías Guðmundsson framkvæmdastjóri Sjávarþorpsins Suðureyri sem vann að skipulagi í fyrra en það var aldrei klárað

þar sem athugasemdir komu frá íbúum í auglýsingaferlinu. „Athugasemdirnar voru þó smávægilegar og á þann veg að hægt var að hefja framkvæmdir ef bæjarstjórn hefði samþykkt skipulagstillöguna.“ Hins vegar sótti Hvíldarklettur um lóðir á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri í febrúar í ár og að sögn Elíasar fór þá þessi vinna aftur í gang. Teiknistofan Eik kom með tillögu að nýjum lóðum á landfyllingu við fótboltavöll á Suðureyri sem nú er að fara í skipulagsmeðferð. „Heimilt hefur þó að hefja landfyllingu í lóninu og skiljum við ekki af hverju það var ekki gert með því efni sem tekið var upp úr höfninni í sumar og einnig

var upplýst á bæjarstjórnarfundum að Siglingastofnun hafi gert ráð fyrir að dæla efni aftur í sjóinn en við töldum að bæjarfélagið vera að bíða eftir því efni í landfyllingu. Efnið sem sturtað var öfugu megin í lónið hefði dugað sem landfylling undir þau þrjú hús sem við höfum nú þegar byggt og bíða flutnings á varanlegar lóðir. Það er líka rétt að benda á það að núverandi tillaga sem Teiknistofan Eik leggur fram er nokkuð á skjön við það aðalskipulag sem hefur verið fyrir uppfyllingu á lóninu. Því miður er það skipulag barnsins tíma þar sem núverandi hugmynd er nánast eini möguleikinn til að byggja þar sem öryggissvæði Vegagerðar og

hættumatssvæði frá Veðurstofu útiloka frekari byggingar samkvæmt gamla aðalskipulaginu. Það sem er sérkennilegast við þetta allt er að maður hélt að þessi vinna ætti að vera í höndum sveitarfélagsins en við höfum tekið á okkur töluverða vinnu og kostnað við gerð skipulagsins til þess að koma hreyfingu á hlutina og byggja upp atvinnu í sveitarfélaginu. Varðandi lóðir á Flateyri þá var það skipulag greitt af Ísafjarðarbæ en okkur hefur ekki enn tekist að fá húsinn skráð í fasteignamat af óskiljanlegum ástæðum. Erindi okkar varðandi byggingarlóðir á Þingeyri hefur ekki enn verið svarað þrátt fyrir itrekuð ósk um svör“, segir Elías. – [thelma@bb.is](#)



Suðureyri.

„Byggðirnar í Norðvesturkjördæmi fara verst út úr niðurskurðinum“

Ákvörðun stjórnvalda um þriðjungs minnkun aflaheimilda í þorski, stýrivexti Seðlabanka Íslands, samgöngumál í Norðvesturkjördæmi og Hafnarssóknastofnun voru meðal mála sem rædd voru á kjördæmisfundi Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi sem haldinn var á Blönduósi laugardaginn 6. október. Í ályktun

sem fundurinn sendi frá sér segir:

„Kjördæmisfundur Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi skorar á ríkisstjórn Íslands að þróa nýja hugsun í byggðamálum þar sem aukin áhersla yrði lögð á sérstöðu svæða, margbreytileika íslensku þjóðarinnar og nauðsyn þess að landið allt sé í

byggð.“

Í ályktuninni segir einnig að nauðsynlegt sé fyrir ríkisstjórn Íslands að bregðast við minnkun aflaheimilda í þorski og að ljóst sé að byggðir í Norðvesturkjördæmi fari verst út úr niðurskurðinum.

„Ákvörðun stjórnvalda um þriðjungs minnkun aflaheimilda í þorski lækkar tekjur í

byggðunum svo mikið að nauðsynlegt er að bregðast við. Ríkisstjórnin hefur boðað mótvægisáðgerðir sem gagnast eiga þeim byggðum landsins sem harðast verða úti vegna niðurskurðarins. Ljóst er að þær byggðir eru flestar í NV-kjördæmi. Brýnt er að við framkvæmd tillagnanna verði unnið bæði hratt og vel svo

tryggja megi að jákvæðra áhrifa þeirra gæti sem fyrst og tiltrú skapist meðal almennings og fyrirtækja á því að alvara búi að baki aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar.“

„Nauðsynlegt er að stýrivextir Seðlabanka Íslands lækki á næstunni. Slíkt stuðlar að viðráðanlegri lánskjörum innanlands og því að gengi

íslensku krónunnar lækki til hagsbóta fyrir atvinnulífið, ekki síst á landsbyggðinni. Skoða ber afnám verðbóta. Mikilvægt er að möguleikar til uppbyggingar nýrra atvinnugreina í kjördæminu, s.s. olíuhreinsunar og umskipunarhafnar vegna pólsiglinga, verði ekki heftir með íþyngjandi skuldbindingum.“



Lið Sýslumannsins á Ísafirði fékk viðurkenningu fyrir bestu liðsheildina.

„Við Pollinn“ boccia-meistararar Ívars 2007

Þrjátíu og fimm lið kepptu í sjöunda fyrirtækjamóti Íþróttafélagsins Ívars sem var haldið í Íþróttahúsinu Torfnesi á sunnudag. Lið endurhæfingarardeildar Heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði og liðið Við pollinn spiluðu til úrslita á mótinu. Við pollinn sigruðu og eru því boccia meistarar fyrirtækjamóts Ívars 2007.

Fjöldi aukaverðlauna voru veitt á fyrirtækjamótum Ívars. Má þar nefna að liðið Hjúkkurnar vann keppnina um skemmtilegasta búning mótsins annað árið í röð. Lið Sýslumannsins á Ísafirði fékk viðurkenningu fyrir bestu liðsheildina. Óformlegur stjórnarfundur eftir mótið leiddi í ljós að alls safnaðist um 300.000 kr. á mótinu. Ágóðinn er nýttur til að senda íþróttafólk Ívars



Gísli Jón Hjaltason og Marzellius Sveinbjörnsson hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar mættu í rétta klæðnaðinum.

á Íslandsmót í boccia og sundi, en mótið er ein stærsta fjáröflun félagsins.

Fjöldi manns fylgdust með viðureign liðanna og var mikil stemmning í Íþróttahúsinu. Vinsældir boccia hafa farið sívaxandi á Ísafirði og nágrenni undanfarin ár. Þess má geta að Ísfirðingar eiga Ólympíuverðlaunahafa í boccia. Það var Héðinn Ólafsson, íþróttamaður á Ísafirði, sem vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikum fatlaðra (Special Olympics) sem haldnir voru í Dyflinni á Írlandi árið 2003. Þá varð hann tvöfaldur silfurhafi.

„Stjórn Íþróttafélagsins Ívars þakkar öllum þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í mótinu svo og gestum mótsins fyrir stuðninginn.“



Jón Sigurpálsson opnar heimasíðuna ásamt Magnúsi Hávarðarsyni frá Netheimum.

Edinborgarhúsið opnar nýja heimasíðu

Edinborgarhúsið á Ísafirði opnaði á mánudag nýja heimasíðu sem ætlað er að vera upplýsingasíða yfir þá viðburði sem framundan eru auk þess sem hægt er að fræðast um sögu hússins og fleira. Jón Sigurpálsson, meðlimur í stjórn Edinborgarhússins, opnaði síðuna ásamt Magnúsi Hávarðarsyni frá Netheimum, sem

hannaði síðuna.

„Á síðunni er hægt að sjá hvaða atburðir eru framundan hjá okkur, bóka sali, skoða sögu hússins, sjá næstu námskeið og fleira. Þetta er auðvitað fyrst og fremst upplýsingasíða svo bæjarbúar geti fylgst nánar með hvað er að gerast hjá okkur,“ segir Jón Sigurpálsson. — gunnaratli@bb.is



Við Pollinn sigraði í fyrirtækjamóti Ívars í boccia. Halldór Karl Valsson og Smári Helgason taka við verðlauninum. Myndir: Íþróttafélagið Ívar.



Aðeins sjálfsafgreiðsla hjá N1 á Ísafirði

Bensinstöð N1 á Ísafirði hefur ákveðið að hætta að bjóða upp á þjónustu við dælingu á eldsneyti. Áður fyrr var hægt að velja um sjálfsafgreiðslu eða þjónustu en því hefur verið hætt, og því aðeins um sjálfsafgreiðslu að ræða. Arnar Stefáns-son, stöðvarstjóri N1 á Ísafirði, segir þessa ákvörðun hafa verið tekna í kjölfar þeirrar þróunar sem á sér stað um land allt. „Þetta er ákvörðun sem við tókum í kjölfar þeirrar þróunar sem er að eiga sér stað um allt land og við erum ekki fyrsta stöðin til að gera þetta. Staðreyndin er sú að 95% af fólki sem tekur eldsneyti hjá okkur er að dæla sjálft. Það ber sig ekki að hafa auka starfsmann í vinnu hér við að dæla á tvo bíla á dag. Hins vegar ef einhver lendir í vandræðum þá að sjálfsögðu hjálpum við til. Við bjóðum upp á þjónustu við perukípti og rúðuburrkuskípti alla virka daga.“



Ritstjórnargrein

Hvað líður tíma

Sumar fréttir skjótast upp á fjölmiðlahimininn líkt og flugeldar. Lifa augnablikið. Aðrar hafa líftíma stjörnuljóssins. Einstaka enda með þrátefli, sem enginn botn fæst í, eins og Grímeyjarferjumálið. Nokkuð er um liðið síðan greint var frá því í fréttum að fólk í hjólastólum hefði orðið að hrökklast um á götum úti, innan um bílamergðina, vegna þess að gangstéttir væru nýttar sem bílastæði! Gott ef þetta var ekki talið bera vott um velmegunina í þjóðfélaginu! Þessi frétt hafði líftíma flugeldsins. Kallaði ekki á umræðu, þótt annað hefði mátt ætla.

En það eru ekki bara fréttir um hremmingar hjólastóla-fólks, sem daga uppi. Sömu sögu má segja um nokkurn fjölda mála -fregna- sem boðuðu tíðindi fyrir okkur Vestfirðinga, vöktu vonir um aukna fjölbreytni í atvinnuháttum og fleiri atvinnutækifæri. Mál, sem hefur verið hljótt um, allt frá því þau voru kynnt. Í tilfellum ekki dugað að eftir væri kallað. Tínum hér til fáein dæmi:

* Alþjóðleg rannsóknastofnun á sviði jarðkerfisfræða, sem sjö manna hópur skilaði viðamikilli skýrslu um og taldi afar heppilegt að staðsett yrði á Ísafirði. Hvar er þetta mikilvæga mál á vegi statt?

* Miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á Vestfjörðum, hugmynd Kristjáns G. Jóakimssonar, sjávarútvegsfræðings. Lúrir þetta í „skýrsluskúffunni“?

* Núpsskólinn: Tillaga Karls V. Matthíassonar, alpm. um meðferðarheimili fyrir ungt fólk í áfengis- og fíkniefnavanda. Lýðskóli á vegum UMFÍ, „nám á háskólastigi, ná-tengt íslensku umhverfi“ eins og það var orðað. Skóli, sem „ef áhugi (hverra?) er fyrir hugmyndinni væri jafnvel hægt að innrita fyrstu nemendur (í) á næsta ári.“ Hvað segir svæðisfulltrúi UMFÍ? Er þingmaðurinn fallinn frá tillög- unni? Til hvers óskuðu bæjaryfirvöld eftir því að sölu Núps yrði frestað? Er ef til vill búið að selja Núp?

Bæjarins besta hefur í gegnum árin talið sér skylt að ýta á eftir málum sem ætla mætti að vörðuðu hag Vestfirðinga, öðrum fremur, en hafa einhverra hluta vegna, oft að því er virðist eins og flestum stæði á sama, fallið í gleyskunnar dá. Blaðið telur það skyldu ráðamanna, bæjarfulltrúa og/ eða þingmanna, reyndar hvers og eins, sem með einum eða öðrum hætti vekur vonir um „betri tíð með blóm í haga“ að gera grein fyrir því ef mál skipast á annan veg en ætlað var í upphafi. Sá veldur miklu, sem upphafinu veldur.

Er tími framangreinda mála runninn á enda? Er til of mikils mælst að almenningur fái þar vitneskju um?

s.h.

Á þessum degi fyrir 67 árum

Fullkomnasta vélskip sem smíðað hefur verið

Nýlega hefur bæst við myndarlegt skip í fiskiskipaflotann íslenska. Er það vélskipið Richard frá Ísafirði, 90-100 smá-lestir að stærð. Er það útbúið öllum nýjustu og bestu tækjum, sem fánleg eru, og er hið fríðasta skip. Richard er byggt hér á landi og er annað stærsta skip sem smíðað hefur verið á Íslandi, v.b. Helgi, frá Vestmannaeyjum er stærri, að smálestatölu.

Þetta skip var nýlega hér í höfn eftir að hafa farið til útlanda. Reyndist það í alla staði hið besta sjóskip. Richard ber íslenskri skipasmíði fagurt vitni og mega Ísfirðingar vera hreyknir af því að hafa komið því á flot við svo góðan orðstír sem raun ber vitni.

Á skipinu er nú átta manna áhöfn. Skipstjóri er Eypór Hallsson frá Siglufirð. Eigendur skipsins eru hf. Björgvin og er Björgvin Bjarnason framkvæmdastjóri félagsins. Heitir skipið eftir syni Björgvins. Skipið er eikarskip, 90-100 rúmlestir brutto; kjöllengd 79 fet, breidd 17,9 fet og dýpt 9 fet. [...] Öll yfirbygging skipsins að aftan er úr stáli; stjórnþallur er klæddur að utan með teakvið.



Þingeyri við Dýrafjörð.

Stefnir að því að opna kaffihús á Þingeyri að ári

Wouter Van Hoeymissen, belgískur maður sem búsettur er á Þingeyri, hefur í hyggju að opna kaffihús á Þingeyri næsta sumar. Wouter hefur undanfarin misseri unnið að endurbyggingu Sigmundarhússins svokallaða á Þingeyri, en það er einnig þekkt sem Simbahöll. Í bréfi sem hann hefur sent bæjaryfirvöldum segist hann ljúka brátt fram-

kvæmdum á utanverðu húsinu en þá hyggist hann ráðast í gluggana og kjallarann. Þá hefur hann óskað eftir fjárstyrk til endurbóta og viðhalds á húsinu en hann gerir ráð fyrir tveimur árum til viðbótar til að ljúka framkvæmdum að innan.

Er Wouter falaðist eftir hús- inu árið 2005 sagðist hann vilja koma upp eins konar

menningarhúsi, þar sem verði kaffisala og ýmis önnur starfsemi svo sem kvikmyndasýningar, tónleikar, ljóðalestur og matsala. Ef áætlanir hans standast mun hann opna hluta kaffihússins á næsta ári og þannig stuðla að því að skapa þægilegt andrúmsloft og fram- tíð á Þingeyri. Erindi Wouter var tekið fyrir á fundi bæjar- ráðs sem fól bæjarstjóra að

skoða hvernig beiðnin falli að styrkveitingum Ísafjarðarbæjar við endurgerð gamalla húsa.

Húsið er áberandi í bæjar- mynd Þingeyrar, enda er það stórt og glæsilegt þó það sé illa farið. Sigmundur Jónsson, kaupmaður, reisti þetta glæsi- lega hús 1916 og rak þar lengi fjölbreytta verslun. Á síðari árum hefur húsið verið í nið- urníðslu, enda mannlaust lengi.

LL-félagar komnir heim

Litli Leikklúbburinn á Ísa- firði mun frumsýna sígilda leikverkið Skugga-Svein og verður það fyrsta sýning fé- lagsins í uppgerðu Edinborg- arhúsinu. „Æfingar eru hafnar og allt lítur vel út. Við stefnum að því að frumsýna 26. októ- ber“, segir Júlíus Ólafsson,

formaður LL. Félagar Litla Leikklúbbsins hafa beðið lengi eftir að fá samastað.

LL var einn þriggja aðila sem keypti Edinborgarhúsið 1991 og hóf endurbyggingu á því, ásamt myndlistarfélaginu og HF. Djúpbátnum. Húsið var í niðurníðslu og hafði ekki

verið notað í þó nokkur ár en hafði áður m.a. gegnt hlut- verki rækjuverksmiðju, reyk- húsi hjá kaupfélaginu og frystigeymslu. „Það má segja að við séum loksins komin heim“, segir Júlíus en mikil ánægja ríkir með það að fé- lagið sé loks komið með sýn-

ingarhúsnæði.

Leikritið samdi Matthías Jochumson fyrir skólapilta á Herranótt í Lærða skólanum. Litli leikklúbburinn á Ísafirði var stofnaður 24. apríl 1965 og hefur staðið fyrir virku og öfluglu leiklistar- og menning- arlífi á Ísafirði í fjóra áratugi.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is og Gunnar Atli Gunnarsson, sími 847 0009, gunnaratli@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu** **bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



GÓÐI

25% afsláttur

969 kr/kg
Verð áður 1.284 kr/kg

Nautahakk úr kjötborði*

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 11. okt. - 14. okt.



GÓÐI

1.245 kr/kg
Verð áður 1.660 kr/kg

25% afsláttur

Londonlamb



1.341 kr/kg
Verð áður 1.916 kr/kg

30% afsláttur

Lambalæri
sítrónukryddað



ÍS FUGL

655 kr/kg
Verð áður 458 kr/kg

30% afsláttur

Heill ferskur
kjúklingur



HATTING

199 kr
Verð áður 278 kr
Hatting, fin
hvítlauksbrauð

199 kr
Verð áður 281 kr
Hatting
ostabrauð



ISLANDSPUOL

426 kr/kg
Verð áður 609 kr/kg

30% afsláttur

Kjúklingaleggir



Lay's

179 kr
Verð áður 243 kr

Lay's snakk



89 kr
verð áður 157 kr

Coca Cola og
Coca Cola light
1 lítri



189 kr
Verð áður 237 kr

Myllan
vínarkökur



189 kr/kg
Verð áður 259 kr/kg
Cantaloup
melónur

189 kr/kg
Verð áður 259 kr/kg
Tómatar

Samkaup **úrval**

Háskólasetrið og Snerpa skrifa undir samstarfssamning

Tölvufyrirtækið Snerpa á Ísafirði hefur nú alfarið tekið að sér umsjón vefmála Háskólaseturs Vestfjarða. Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs, og Matthildur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Snerpu, skrifuðu undir samning þar að lútandi í morgun. Ágúst Atlason, margmiðlunarhönnuður hjá Snerpu, vinnur þessa dagana að hönnun nýrrar vefsíðu fyrir Háskólasetrið. Ákveðið var síðasta vor að fara út í algjöra endurskoðun á vefsíðu setursins þar sem nú fara í hönd miklar breytingar á starfseminni og því nauðsynlegt að endurhanna síðuna og laga hana að núverandi þörfum og varð vefumsjónarkerfið Snerpill fyrir valinu, en kerfið er hannað af Snerpumönnum og hefur reynst mjög vel að sögn starfsmanna Háskólasetursins.



„Þróunin væri með allt öðrum hætti ef sveitarfélög fengju hlutdeild í fjármagnstekjuskatti”

Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík, segir að þrátt fyrir 3% hækkun útsvarstekna hjá Bolungarvík síðastliðin sex ár, sé það ekki í neinu samræmi við þenslusvæði. „Við höfum bent á það að þrátt fyrir að sveitarfélögin í landinu hafi verið rekin með 11 milljarða króna afgangi á síðasta ári, eigi það alls ekki

við um þorra sveitarfélaga.

Útsvarstekjur Bolungarvíkur hafa alls ekki þróast í takt við skatttekjur ríkissjóðs. Það breytir engu þegar aðrar tekjur sveitarfélagsins eins og t.d. frá Jöfnunarsjóði eru teknar með, sveitarfélagið á langt í land að halda í þróun ríkissjóðs og þenslusveitarfélaga. Þrátt fyrir það greiða einstaklingar og fyrirtæki í Bolungarvík mjög mikla skatta, til dæmis í formi fjármagnstekjuskatts.“

„Þróun tekna bæjarins væri

með allt öðrum hætti en við sjáum nú ef sveitarfélögin fengju hlutdeild í fjármagnstekjuskatti í gegnum Jöfnunarsjóð eða ef ehf-væðingin hefði ekki átt sér stað. Áætlaður tekjumissir sveitarfélagana í landinu vegna ehf-væðingarinnar er um 2 milljarðar á ári. Ég skil því ekki hvað þessi yfirlýsing um þróun útsvarstekna merkir – hún segir mjög litla sögu og það vantar einnig að taka inn í þetta þróun útgjalda – ekki síst lögboðinna útgjalda.“ – *gunnaratli@bb.is*



Bílvelta í Mjóafirði

Bílvelta varð við Skálavík í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi í síðustu viku þar sem ökumaður var grunnaður um ölvun við akstur. Einn farþegi var í bílnum auk ökumanns en hvorugur slasaðist alvarlega. Þó var mikill viðbúnaður vegna slyssins þar sem tilkynningin sem barst sagði til um að um alvarlegt slys væri að ræða og fleiri aðilar væru í bílnum.

Voru viðbrögðin í samræmi við það að sögn lögreglunnar á Vestfjörðum, en skömmu eftir að lagt var af stað kom í ljós að um minniháttar meiðsl voru að ræða. Mennirnir fengu aðhlynningu læknis. Þyrla Landhelgisgæslunnar var í viðbragðsstöðu en var ekki kölluð út. – *thelma@bb.is*

Gestum Byggðasafnsins fjölgar

Um 8500 manns sóttu Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði í sumar. Er það aukning á milli ára en síðasta sumar voru gestir safnsins rúmlega 7000 talsins. Eru erlendir ferðamenn þar í miklum meirihluta en Íslendingar eru um 20% gesta. Björn Baldursson, safnvörður, segir að framtíðarplön séu þau að reyna að afla fjár til að sé hægt að halda áfram þar sem frá var horfið með nýbyggingu safnsins, því vissulega er þörf á því þar sem ferðamannafjöldi fer vaxandi með ári hverju.

Framkvæmdir við safnið hafa strandað á fjármagni og biðin eftir að framkvæmdir hefjist því verið löng. Lengi hefur þótt vera brýn þörf á að stækka og bæta aðstöðu safnsins, ekki síst ef litið er til stóruaukinnar fjölgunar gesta af skemmtiferðaskipum.

Í vor hvatti stjórn safnsins eigendur þess að leggjast á eitt um að ljúka framkvæmdum hið fyrsta, í samstarfi við þingmenn NV-kjördæmis og ríkisvaldið. Eigendur safnsins eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Bolungarvík.

– *thelma@bb.is*



Ferðamenn sækja Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað í síauknum mæli.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Milljarðarnir og hagsmunir almennings

Mikill hiti er í orkumálum Íslendinga þessa dagana. Kannski er heitast í orkufyrirtækjunum og farið að hitna undir sumum borgarfulltrúum í Reykjavík. Á fremur skömmum tíma hefur margt gerst og tvö fyrirtæki verið stofnuð á sviði orkumála í því skyni að hagnast á þekkingu Íslendinga með virkjun og ráðgjöf á erlendri grundu. En er verið að umbuna þeim sem safnað hafa sér þekkingu og kunna til verka við virkjun jarðvarma? Sennilega ekki. Það verða peningamennirnir sem sitja að kjötkötlunum og hagnast á öllu saman.

Það þarf ekki að vera rangt. En það hlýtur í besta falli að vera umhugsunar- og gagnrýnivert að valsa um með fjármuni orkufyrirtækja, er orðið hafa til sem fyrirtæki almennings, fyrir tilstuðlan hans og ekki síst fyrir gjaldið sem hann hefur greitt fyrir notkun rafmagns, hita og neysluvatns. Útrás Íslendinga hefur að öllum líkindum fært öllum íbúum Íslands einhvern hag. En sú spurning vaknar hvort það geti verið rétt að taka orkuveitur og breyta þeim í gróðafyrirtæki á hlutabréfamarkaði heimsins. Eina ástæðan fyrir slíku væri að almenningur fengi hagnaðinn í sinn vasa beint. Það er ekki í boði við Sameiningu Reykjavíkur Energy Invest, sem er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur og Geysir Green Energy, sem til er orðið meðal annars fyrir stuðlan þekktra peningamanna og vegna framlags Hitaveitu Suðurnesja. En þeir fyrrnefndu eru ekki sérstaklega þekktir fyrir að hafa hag almennings

að leiðarljósi. Síðarnefnda fyrirtækið varð til fyrir framlag ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum. Peningamenn og stjórnálamenn ættu sennilegast að hafa sem minnst saman að selda nema þá vegna skattgreiðslu hinna fyrrnefndu til að standa undir umboðsstörfum hinna síðarnefndu fyrir kjósendur og þá þegna samfélagsins sem ekki fá að kjósa.

Þessi sérkennilega uppákoma sem lýsir sér í því að borgarstjórinn í Reykjavík vill að dótturfyrirtæki þjónustufyrirtækis Reykjavíkurborgar og tveggja annarra sveitarfélaga verði rennt saman við fyrirtæki sem stjórnast af hagnaðarvon, sem stundum hefur verið kölluð því ljóta nafni gróðafíkn. Ljóst er að mörg vandamál eru óleyst og sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur tóku ráðin af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni borgarstjóra sem þeir höfðu treyst til að stjórna borginni í sínu umboði. Það vekur upp spurningar um hvort grói um heilt.

Stóra spurningin er hins vegar sú hvort meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur haldi og hvort þeir félagar Björn Ingi og Vilhjálmur hafi einfaldlega ætlað sér að halda áfram á þeirri braut sem Alfreð Þorsteinsson markaði með ýmis konar framtaki, eins og rækjueldi og fleiru. Vilji menn vera í atvinnurekstri eiga þeir ekki að vera í sveitarstjórn. Það fer illa saman og verst þegar almannafé er undir. Það vantar siðareglur fyrir kjörna fulltrúa almennings. Það hafa þeir sjálfir sýnt nú.

Umferðarlagabrotum fækkar á Vestfjörðum

Afbrotatölfræði fyrir ágústmánuð hefur nú verið birt á vef ríkislögreglustjóra. Þar má meðal annars finna fjölda brota í tilteknum brotaflokkum; rán, brot gegn valdstjórninni og brot þar sem ökumaður er tekinn fyrir að vera undir áhrifum ávana- eða fíkniefna. Í skýrslunni má sjá að fíkniefnabrotum fjölgar á Vestfjörðum frá ári til árs. Í ágúst 2005 var aðeins eitt fíkniefnamál sem kom til kasta lögreglu en í ágúst í ár eru þau sex. Umferðalagabrotum fækkar hinsvegar, eru 69 í ágúst í ár en voru 135 árið 2005. Hegningarlagabrotum fækkar einnig úr 18 í ágúst 2005 í níu í ár.

Rekstur Tjöruhússins skoðaður

Rekstur Tjöruhússins í Neðstakaupstað á Ísafirði var til umræðu að fundi menningarmálanefndar í síðustu viku. Samþykkti nefndin að fá þá Jón Sigurpálsson, forstöðumann Byggðasafns Vestfjarða, og Jóhann Bæring Gunnarsson, verkefnisstjóra hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar, til að að taka út ástand Tjöruhúss með tilliti til veitingarekstrar og leggja fyrir menningarmálanefnd, ásamt tillögum um hugsanlegar endurbætur.

TM Software stækkar útibúið í Súðavík

Útibú hugbúnaðarfyrirtækisins TM Software í Súðavík var stækkað á fimmtudag í síðustu viku. Einn starfsmaður hefur starfað í einu af nýju iðnaðarhúsnæðinu á Langeyri undanfarið ár og hefur það

gefist það vel að forsvarsmenn TM Software hafa ákveðið að fjölga starfsmönnum um tvo. „Því ber fagna að fyrirtæki sem eru með höfuðstöðvar á Reykjavíkursvæðinu sjái hag í því að staðsetja útstöðvar

hér í Súðavík. Enda teljum við að við getum boðið upp á starfsaðstöðu sem er með því betra sem völ er á“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavíkur og stjórnarmaður í fasteignafélaginu Langeyri.

„Við fögnum fjölgun stöðugilda í Súðavík og bindum jafnframt við vonir við að fleiri fyrirtæki skoði þann möguleika vel að vera með útstöðvar á okkar svæði, því ef rétt er á málum haldið er

það ótvíræður hagur beggja.“ TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur höfuðstöðvar á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa 450 manns í 11 löndum, en það þjónar

yfir 1800 viðskiptavinum í um 20 löndum. TM Software var stofnað árið 1986. Fyrirtækið hefur birst á lista yfir 500 framæknuðu fyrirtæki Evrópu um árabíl. — *thelma@bb.is*



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Nýtt stjórnskipulag samþykkt fyrir Ísafjarðarbæ

Nýtt stjórnskipulag fyrir Ísafjarðarbæ var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í síðustu viku. Breytingunum er ætlað að auka og bæta þjónustu við íbúa ásamt því að auka skilvirkni og starfsánægju innan sveitarfélagsins sem stofnunar. Gera á starfsemi Ísafjarðarbæjar sýnilegri, skiljanlegri og aðgengilegri. Við breytt skipulag verður heimilt að ráða í þrjú ný störf hjá Ísafjarðarbæ, það er starf mannauðsstjóra, umhverfisfulltrúa og starf umsjónarmanns eigna. Auk þess verður ráðið í nýtt starf upplýsingafulltrúa í stað atvinnu- og ferðamálafulltrúa. Þá mun ráðið í starf íþrótt- og tómstundafulltrúa, sem tekur talsverðum breytingum. Sett verður á laggirnar þjónustuver Ísafjarðarbæjar. Það verður unnið út frá núverandi þjónustuborði bæjarins. Markmiðið með þjónustuveri verður að hraða afgreiðslu mála og bæta þjónustu við íbúa, flýta fyrir og stytta leiðir fyrir

spurna jafnframt því að draga úr ónauðsynlegum truflunum á vinnu starfsmanna. Til styrkingar þjónustuveri verða núverandi starfsmenn Ísafjarðarbæjar við störf í þjónustuveri eftir því sem við á, að hluta til eða í fullu starfi eftir aðstæðum. Í breytingunum felst að sviðum fækkar úr fjórum í þrjú. Þar eru fjármálasvið og stjórnsýslusvið sameinuð í eitt undir stjórn bæjarritara. Skóla- og fjölskyldusvið er að mestu óbreytt undir stjórn forstöðumanns, þó nokkrir verkþættir flytjist annað. Loks verður framkvæmdasvið, sem er umhverfissvið auk hins gamla hafnarsviðs, undir stjórn bæjartæknifræðings. Mannauðsstjórnun er einn lykilþáttur þessara breytinga, því með ráðningu mannauðsstjóra er ætlunin að ná enn betur utan um þau miklu verkætti sem búa í starfsfólki Ísafjarðarbæjar. Gera endur- og símenntun mun virkari þátt í daglegu starfi og stuðla enn frekar að samhug og samstöðu

starfsfólks, en um 400 manns vinna hjá Ísafjarðarbæ í tæplega 30 stofnunum bæjarins. Ráðinn verður upplýsinga- fulltrúi, sem sjá skal um ytri og innri upplýsingagjöf fyrir sveitarfélagið. Honum er ætlað að auka og bæta samskipti og upplýsingaflæði sveitarfélagsins út á við, við íbúana og innan sveitarfélagsins sem stofnunar. Ráðinn verður umsjónarmaður eigna sem fara skal með umsjón og yfirstjórn allra mannvirkja Ísafjarðarbæjar, annarra en þeirra íbúða sem heyra undir Fasteignir Ísafjarðarbæjar. Hann mun starfa á Framkvæmdasviði og er m.a. ætlað að sjá um rekstur íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og annast daglega stjórnun starfsmanna, starf er áður tilheyrdi starfi íþrótt- og tómstundafulltrúa. Nýr umhverfisfulltrúi verður starfsmaður á tæknideild (Framkvæmdasviði). Með ráðningu hans er ætlunin að auka heildaryfirsýn og gera enn betur í þessum mikilvæga málaflokki Hann

mun aðstoða sviðstjóra við umhverfisskipulagningu, umhverfisframkvæmdir og tilheyrandi áætlanagerð. Hann mun einnig fylgjast með framkvæmd Staðardagskrár 21 og skipuleggja verkefnaalista Vinnuskólans. Umhverfisfulltrúi verður yfirmaður garðyrkjustjóra. Nýr íþrótt- og tómstunda- fulltrúi mun taka að sér stjórn félagsmiðstöðva, eftirlit með samningum Ísafjarðarbæjar um íþrótt- og tómstundamál og stefnumótun í málaflokknum, svo sem varðandi mótun Frístundamiðstöðvar. „Algjör samstaða er í bæjarstjórn um stjórnskipulagsbreytingarnar. Þeim er ætlað að bæta þjónustu bæjarfélagsins, auka skilvirkni og yfirsýn og nýta enn betur þann auð, sem fólgin er í því góða starfsfólki er vinnur hjá Ísafjarðarbæ.“, segir í tilkynningu. Tillögur að breyttu stjórnskipulagi voru unnar af sérstakri nefnd er bæjarstjórn skipaði um endurskoðun stjórnsýslu og bæjarmála- samþykktar Ísafjarðarbæjar.



ÍSAFJARÐARBÆR

FORSTÖÐUMAÐUR SKÍÐASVÆÐIS

Ísafjarðarbær óskar eftir að ráða forstöðumann fyrir skíðasvæði sveitarfélagsins. Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar er eitt af elstu skíðasvæðum landsins. Það er rekið á tveimur starfssvæðum, göngu- skíðasvæði á Seljalandsdal og svig- skíðasvæði í Tungudal. Forstöðumaður sér um daglegan rekstur, eftirlit og umsjón með velbúnaði, starfsmannastjórn, öryggismál og áætlanagerðir. Þá leitar forstöðumaður leiða til að fjölga gestum skíðasvæðisins. Framundan er mikil uppbygging á skíðasvæðinu og mun forstöðumaður verða leiðandi í þeirri vinnu. Eftirfarandi kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þekkingu eru hafðar til viðmiðunar við ráðningu forstöðumanns:

- Iðnmenntun er nýtist í starfi, vélstjóranám er kostur.
- Reynsla af almennum rekstri, fjármálastjórn og mannaforráð.
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum.
- Þekking á rekstri skíðasvæða er kostur.
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Er skipulagður og með ríka þjónustulund.
- Sýnir lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Er tilbúinn til að taka þátt í öflugri uppbyggingarstarfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sambands íslenskra stéttarféлага og Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Umsóknir með upplýsingum um menntun, aldur og fyrri störf, sendist Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði fyrir 25. október nk. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Þorleifur Pálsson, bæjarritari Ísafjarðarbæjar.

„Á Vestfjörðum eru til staðar kraftmiklir atvinnurekendur sem hafa sýnt að þeir geta búið til verðmæti úr því sem þeir eru að gera og þeir gætu gert enn betur ef þeir fengu aukið fjármagn. Ég er alveg sannfærður um að hér er afl óleyst úr læðingi vegna fjárskorts til uppbyggingar á svæðinu. Ég fullyrði það af minni reynslu og aðkomu minni að atvinnuvegi á öllum Vestfjörðum. Sparisjóður Vestfjarða er með útibú á átta stöðum Vestfjörðum og það er alveg ljóst að um allt svæðið er þetta vandamálið.“

Aðgengi að fjármagni helsta mál atvinnulífsins á Vest

Eiríkur Finnur Greipsson er maður sem vinnur í fjármálaumhverfinu daglega. Ekki eingöngu er hann aðstoðarsparisjóðsstjóri hjá Sparisjóði Vestfirðinga heldur er hann framkvæmdastjóri Hvetjanda, eignarhaldsfélags eigu Ísafjarðarbæjar, Byggðastofnunar, Súðavíkurhrepps, Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Vestfirðinga með það að markmiði að stuðla að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á svæðinu.

Eiríkur var ráðinn sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Önundarfjarðar og starfaði sem slíkur er Sparisjóður Vestfirðinga var skapaður með sameiningu fjögurra sparisjóða, það er Sparisjóðs Súðavíkur, Sparisjóðs Önundarfjarðar, Sparisjóðs Þingeyrarhrepps og Eyrasparisjóðs. Nú stendur Sparisjóðurinn á ný frammi fyrir sameiningu en lagt hefur verið til að hann sameini krafta sína með Sparisjóði Keflavíkur og Sparisjóði Húnaþings og Stranda.

Eiríkur hefur miklar skoðanir á atvinnulífi í fjórðunginum sem hann kemur að daglega í sínum störfum.

– Blaðamaður byrjaði á því að forvitnast um atvinnunýsköpunarsjóðinn Hvetjanda.

„Hvetjandi er ungt félag en hefur fengið ótrúlega mikið af fyrirsögunum miðað við stærð samfélagsins. Við erum að vinna í nokkrum umsóknunum í dag. Tvær þeirra eru nánast á lokaúrvinnslustigi sem ég vona að endi með hlutfjárkaupum Hvetjanda í verkefnum sem felast í nýsköpun á svæðinu.

Á aðalfundi í sumar var samþykktum Hvetjanda breytt þannig að félagið er ekki eingöngu nýsköpunarsjóður heldur má hann taka þátt í samkeppnisatvinnugreinum á svæðinu og koma inn í rekstur sem þegar er til staðar ef þátttaka hans verður til eflingar og aukningar á umsvifum viðkomandi fyrirtækja. Hins vegar er vandamál Hvetjanda að hann er afskaplega lítill sjóður. Eigið fé hans er rétt um 100 milljónir króna og miðað við starfsreglur sjóðsins megum við ekki eiga nema 10 milljónir að hámarki í einu félagi og ekki nema 25% af heildarhlutfé þess. Til þess að fullnýta þær tíu milljónir sem Hvetjandi má leggja í fyrirtækið þarf heildarhlutféð að vera 40 milljónir. Miðað við fyrirtæki af venjulegri stærð eru 40 milljónir afskaplega lítill peningur. Fyrir utan að vegna þátttöku í mörgum verkefnum ekki er mikið af lausu fé eftir í sjóðnum til þess að við getum tekið þátt í nýjum verkefnum. Þess vegna hefur stjórn Hvetjanda ákveð-

ið að reyna stækka félagið.

Það er gleðilegt að segja frá því að við erum að öllum líkindum að ganga frá sölu á hluta af eignum félagsins með góðri ávöxtun. Þannig losum við peninga og getum því tekið þátt í nýjum verkefnum. Markmið sjóðsins er ekki að vera langtímafjárfestir í verkefnum heldur stofnfjárfestir til þriggja til fimm ára. Ég vona því að það takist að auka eigið fé enn frekar.“

Vandinn við kvótakaup

„Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur fengið Hvetjanda til þess að kanna möguleika á stofnun félags til kaupa á kvóta. Ég gerði forathugun á því hvort unnt væri að gera útboðslýsingu fyrir slíkt félag og tilkynnti atvinnumálanefnd að það hefði leitt í ljós að það myndi kosta 250 - 300 þúsund krónur að gera slíka viðskiptaáætlun. Hins vegar er ekki auðvelt að útbúa viðskiptaáætlun um kaup á kvóta sem væri áhuga-verð fyrir fjárfesta. Ástæðan fyrir því er að ef leiguverð á kvóta og vaxtakjör lána til kaupa á kvóta eru borin saman er alveg ljóst að menn með eigið fé í kvótakaupafyrirtæki þurfa að vera mjög þolinmóðir. Spurningin er hvort hægt sé að sannfæra væntanlega hluthafa í slíku fyrirtæki um það að arðurinn þeirra komi. Það verður vandamálið. Þá spilar inn í hvort menn trúir því að kvóti komi til með að

aukast og hvort hann muni hækka í verði svo hann verði söluvara seinna meir á herra verði o.s.frv. Þetta er náttúrulega eitthvað sem enginn veit fyrir víst, en hins vegar er það ekkert launungamál að verðmæti kvótans hafi aukist mjög í kvótafyrirtækjum á liðnum árum, það þýðir hins vegar ekki að svo verði áfram.“

Vill koma framkvæmdastjórn Hvetjanda í framsæknara horf

„Þetta er framtíðarmúsík sem Hvetjandi er afar lítill þátttakandi í þó við séum auðvitað tilbúnir sem atvinnunýsköpunarsjóður til að veita liðsinni okkar í að finna einhvern flöt á. En ég leyfi mér að fullyrða að þátttaka Hvetjanda í slíku félagi skiptir nánast engu, 10 milljónir í kvótakaupum eru einfaldlega ekki neinn peningur. Það þarf að skipta hundruðum milljóna. Ég sé að minnsta kosti ekki fyrir mér að menn fari út í kaup á kvóta fyrir minna en 500-600 milljónir í hlutfé.“

– Eiríkur Finnur hefur verið framkvæmdastjóri Hvetjanda frá stofnun hans en fljótlega er sú að núverandi fyrirkomulag á framkvæmdastjórn Hvetjanda sé til trafala fyrir vöxt og stuðning við þá umsækjendur

sem sækja til sjóðsins. Ég sinni starfinu með mínu aðalstarfi, sem er við Sparisjóðinn, og því miður þá bitnar það á Hvetjanda og þeim sem þangað þurfa að sækja. Við erum að ræða ákveðnar lausnir í því og ég vona að fljótlega komist framkvæmdastjórn þessa félagsins í framsæknara og betra horf en í dag.“

– Það hlýtur að skipta gríðarlegu máli fyrir umsækjendur eins og atvinnulífið er í dag að allt gangi greiðlega fyrir sig.

„Já það þarf að taka snöggar ákvarðanir og fljót úrvinnsla. Nú í dag tekur úrvinnsluferlið nokkra mánuði og það er ekki hægt að una við það.“

Óleyst afl á Vestfjörðum vegna fjárskorts

„Það er mjög ánægjulegt hve mikið er af gróskumiklum hugmyndum á svæðinu. Megin vandamál atvinnulífs hér vestra er aðgengi að fjármunum, það segi ég bæði sem aðstoðarsparistjóri og framkvæmdastjóri Hvetjanda. Því miður er mun erfiðara fyrir menn að fjármagna einföldustu verkefni á Vestfjörðum því að verðmæti eigna í minni sjávarþorpum landsins er ekki neitt og lánakjör almennt hærri á landsbyggðinni en í þéttbýlinu. Ef einstaklingur ætlaði að fara af stað með lítið fyrirtæki þá er veðrými í íbúðarhúsnæði á svæðinu ekki upp á marga fiska en hins vegar á höfuðborgarsvæðinu hefur húsnæðisverð hækkað svo mikið að allir sem festa kaup í húsnæði eiga fljótlega aukið veðrými. Við stöndum á allt öðrum grundvelli á Vestfjörðum í samkeppni um fjármagn. Ég er þeirra skoðunar að þetta sé langstærsti vandi atvinnulífsins hér. Mér finnst persónulega að það hefði þurft að efla útlánamöguleika Byggðastofnunar margfalt til þess að mæta þörfinni sem er á svæðinu, því að á flestum stöðum á Vestfjörðum eru til staðar kraftmiklir atvinnurekendur sem hafa sýnt að þeir geta búið til verðmæti úr því sem þeir eru að gera og þeir gætu

gert enn betur ef þeir fengu aukið fjármagn. Ég er alveg sannfærður um að hér er afl óleyst úr læðingi vegna fjárskorts til uppbyggingar á svæðinu. Ég fullyrði það af minni reynslu og aðkomu minni að atvinnuvegi á öllum Vestfjörðum. Sparisjóður Vestfjarða er með útibú á átta stöðum Vestfjörðum og það er alveg ljóst að um allt svæðið er þetta vandamálið.“

Verðum að tryggja gróskumiklar afgreiðslur

„Sparisjóður Vestfirðinga var sameinaður árið 2001 úr fjórum sparisjóðum á Vestfjörðum og í dag erum við á átta stöðum í fjórðungnum. Á þeim tímupunkti sögðumst við ætla að taka okkur þrjú til fimm ár í að klára sameiningu okkar. Það kom hins vegar í ljós að vandinn á okkar svæði var miklu meiri en við gerðum okkur grein fyrir í sameiningunni, en við teljum að sá vandi sé að langmestu leyti að baki. Fyrir þremur árum vorum við í erfiðri stöðu og fengum sparisjóðina í landinu og Tryggingarsjóð sparisjóða til þess að koma með verulegt fjármagn inn í okkar sjóð í formi stofnfjár. Tryggingarsjóður setti m.a. það sem skilyrði fyrir þátttöku sinni að Sparisjóður Vestfirðinga myndi innan tveggja til þriggja ára skoða sameiningu við aðra sparisjóði. Að mínu mati var sú krafa óþarfi, þó e.t.v. hafi ekki verið óeðlileg að hún hafi verið sett fram, því það kom aldrei neitt annað til greina, að okkar álit, en að Sparisjóðurinn myndi sameinast enn frekar. Í þeim breytingum á fjármálaumhverfinu sem hafa orðið síðustu árin er ljóst að lítil eining eins og Sparisjóðurinn verður dýr í rekstri og fjármögnum verður okkur mjög dýr og dreifing útlánaáhættu er svo takmörkuð. Við erum með mjög einhæft útlánamynstur og er það aðallega tengt sjávarútvegi. Til þess að tryggja að hér geti verið gróskumiklar sparisjóðaafgreiðslur í framtíðinni, sem

geti veitt atvinnulífi og einstaklingum viðráðanleg lána kjör, þá verðum við að stækka. Við verðum að ná Sparisjóðinum upp úr núverandi smáð til að eiga þess kost að geta leitað til fjármögnunaraðila, ekki bara innanlands heldur einnig erlendis frá.“

Sameinaður stöndum vér

„Síðasta haust ákváðum við að leita hófanna hjá öðrum sparisjóðum í minni kantinum hvort þeir vildu sameinast. Það var gert bæði með formlegum og óformlegum hætti. Þeir sparisjóðir höfnuðu allir beiðni okkar. Þeir töldu ekki vera þörf á því fyrir sig, og í sjálfa sér var ekki þörf á því heldur fyrir okkur á þeim tímupunkti þar sem við höfum haft methagnað í fyrra og það sem af er þessa árs, enn meiri hagnað. En sá hagnaður kemur að langmestu leyti í gegnum hlutabréfaeign okkar en skilar sér ekki í rekstri Sparisjóðsins. Við teljum einfaldlega að nauðsynlegt sé að nýta núverandi góðari til að tryggja starfsemi sjóðsins í framtíðinni með eflingu hans í formi sameiningar.

Seinni part sumars barst sparisjóðsstjórninni bréf frá Sparisjóðnum í Keflavík þar sem boðið var til sameininga viðræðna, og slíkt bréf fengu fleiri sjóðir. Í kjölfar þess var boðað til fundar með forsvarsmönnum Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Keflavíkur sem leiddi í ljós að vilji var einlægur af beggja hálfu að ganga til sameiningaviðræðna og, það sem meira var, að Sparisjóður Húnaþings og Stranda var einnig tilbúinn til þess að sameinast Sparisjóðnum í Keflavík. Í september var svo undirrituð viljayfirlýsing um samruna þessara þriggja sparisjóða. Sú samrunaáætlun var kynnt á fundi stofnfjáreigenda á Þingeyri í vikunni. Þar var einnig óskað eftir heimild eigenda til þess að auka stofnfé Sparisjóðsins því að ef að sameiningunni verður er nauðsynlegt bæði fyrir okkur og Sparisjóð Húnaþings og Stranda að jafna stofnfjáreign-

„Mín skoðun er sú að ef ekki verði af sameiningunni muni það leiða til mikilla erfiðleika í framtíðarrekstri þessara litlu sjóðseininga, markaðssetning, fjármögnun útlána, starfsmannahald, sérfræðiþekking og fleira, allt verður erfiðara og miklu mun óhagkvæmara í litlum einingum í fjármálaumhverfinu í dag. Það er mjög vandséð hvernig Sparisjóðurinn ætti að lifa það af án þess að sameina krafta sína með öðrum sjóðum.“

sta vanda- estfjörðum

ina í sjóðunum til móts við Sparisjóðinn í Keflavík. Það er gert til þess að tryggja að bæði við og Húnaþingsmenn njóti jafnræðis þegar við göngum inn í sameininguna. Annars myndu landsbyggðarsparisjóðirnir vera að leggja miklu meiri verðmæti inn í sameininguna heldur en stofnféð endurspeglar. Ef allt gengur eins og það á að gera er stefnt að því að boða til fundar í nóvember þar sem samrunaáætlun verður lögð fram til samþykktar og vonandi gengur sameiningin í garð þá.“

Starfsmenn þurfa ekki að óttast um hag sinn

„Stjórnir sparisjóðanna stefna að því sameiningin muni vera búin að eiga sér stað fyrir nóvemberlok og hún mun þá miðast við 30. júní sl.

Miklar breytingar eru því framundan. Við komum inn í þetta með átta afgangslustöðvar frá Króksfjarðarnesi til Súðavíkur. Viljayfirlýsingin segir fyrir um að afgangslur sparisjóðanna verði reknar með óbreyttu sniði og starfsmannahald verður að langmestu leyti óbreytt, þó að ég telji eðlilegt að búast megi við að breytingar verði á yfirstjórn Sparisjóðsins þar sem ekki er þörf á „sparisjóðsstjórum og aðstoðarsparisjóðsstjórum“ í öllum sjóðunum. Almennir starfsmenn þurfa ekki að óttast um sinn hag þar sem engin áform eru um breytingar eða lokun útibúa. Sparisjóður Vestfirðinga hefur keppt að því undanfarin ár að tryggja tilvist allra afgangslna með því að taka aukin verkefni inn í þær. Til að mynda höfum við ekki fækkað starfsfólki á Bíldudal þrátt fyrir fólksfækkunina sem þar hefur átt sér stað, en tilflutningur starfa hefur orðið á milli afgangslna á norðanverðu starfssvæðinu. Til þess að tryggja það að starfsfólk fái næga vinnu í öllum þessum átta afgangslum höfum við m.a. gert samninga við Íslandspóst og sjáum um afgangslu fyrir hann í sex af átta útibúum, við höfum einn-

ig gert samstarfssamning við Sjóvá og erum með umboð og þjónustuver fyrir fyrirtækið í öllum útibúum nema hér á Ísafirði, auk þess sem við erum með happdrættisumboð og fleira í afgangslunum. Þetta er einfaldlega til þess að tryggja að útibú okkar geti verið til staðar á þessum átta stöðum.“

– Mun sameiningin hafa í för með sér breytingar fyrir hinn almenna viðskiptavin?

„Jú ég er að vona að hún muni hafa talsverðar breytingar í för með sér fyrir viðskiptavinum okkar, og þá með mjög jákvæðum hætti. Mín von er sú að slík sameining leiði til þess að þátttökumöguleikar Sparisjóðsins í lánveitingum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja geti verið öflugri en hún hefur verið til þessa, því að útlánageta þessa sameinaða sjóðs er margföld það sem hún er í okkar litla Sparisjóði Vestfirðinga. Mín skoðun er sú að ef ekki verði af sameiningunni muni það leiða til mikilla erfiðleika í framtíðarrekstri þessara litlu sjóðseininga, markaðssetning, fjármögnun útlána, starfsmannahald, sérfræðiþekking og fleira, allt verður erfiðara og miklu mun óhagkvæmara í litlum einingum í fjármálaumhverfinu í dag. Það er mjög vandséð hvernig Sparisjóðurinn ætti að lifa það af án þess að sameina krafta sína með öðrum sjóðum.“

Vona að Vestfirðingar nái aftur vopnum sínum

– Hversu mikið þarf að auka stofnféð til þess að jafnræðis sé gætt við sameininguna?

„Það er mjög erfitt að segja nákvæmlega til um það á þessari stundu. Óskað var eftir stofnfjárukningu upp á 2,1 milljarð á fundi stofnfjareigenda, en það er í raun varúðartala og við vonumst til að það þurfi ekki að vera nema helmingur af því. Stofnfé Sparisjóðsins í dag er um 300 milljónir króna að nafnvirði og við erum að tala um þre- til fjórföldun á því.



Við í Sparisjóðnum erum að taka þátt í breytingum sem hafa orðið á fjármálaumhverfinu undanfarin ár. Ef við fylgjum breytingunum ekki eftir með þátttöku í þeim munum við daga uppi sem steinrunnin tröll. Svo einfalt er það.“

– Eru menn spenntir fyrir sameiningunni?

„Já, menn eru spenntir og ég er fyrir hönd starfsmanna

og þessa umhverfis, sem við störfum í, mjög bjartsýnn á framhaldið. Mér finnst aðkoma stjórnar og yfirmanna Sparisjóðsins í Keflavík vera mjög jákvæð. Þeir gera sér grein fyrir því að við þurfum áfram að sinna umhverfi okkar sem við störfum í og vera því styrk stoð varðandi eflingu félags- og menningarstarfs á svæðinu. Þeir hafa sýnt það sjálfir að þeir styðja vel við

slíkt starf á sínu starfssvæði. Í hvaða formi það verður er ekkert hægt að fullyrða um. Jafnframt getum við ekki lofað því að afgangslurnar sem slíkar verði óbreyttar að eilífu því það hlýtur að vera háð byggðaðþróun og öðrum þáttum, það er ekki endalaust hægt að verjast. En ég vona að við Vestfirðingar náum aftur vopnum okkar og sameiningin er þáttur í því að skapa

sóknarfærin efla samfélagið hér. Þetta er ekki undanhaldsaðgerð, þetta er sóknaraðgerð. Því eins og ég sagði áðan þá verða menn að hafa aðgengi að fjármunum til þess að geta byggt samfélagið upp aftur“, segir Eiríkur Finnur og með þeim orðum leyfir blaðamaður aðstoðarsparisjóðsstjóranum að snúa sér aftur að annríki dagsins.

– thelma@bb.is

Ingvar ráðinn til Snjóflóðasetursins

Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands á Ísafirði hefur ráðið Ingvar Reynisson til starfa við gagnavinnslu. Ingvar starfaði áður sem tæknimaður á mælingadeild Hafnarfjarðar. Hann hefur þegar hafið störf. Ingvar er giftur Sóleyju Guðmundsdóttur sem ráðin hefur verið framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum og eiga þau þrjú börn. Umsækjendur voru sex. Snjóflóðasetrið var stofnað árið 2004 að frumkvæði umhverfisráðuneytisins í samvinnu við bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar og með fjárveitingu frá Alþingi. Starfið er eitt þeirra 28 starfa sem áætlað er að koma á fót á árinu samkvæmt tillögum Vestfjarðanefndar.



Bolungarvík.

Vilja að aðalskipulagsbreyting í Bolungarvík verði samþykkt

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur hefur lagt til að fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting verði samþykkt óbreytt. Í kjölfar auglýsinga- og athugasemdaferlis vegna breytinga á deiliskipulagi af lóðinni Aðalstræti 20-22 bárust tvær athugasemdir og var önnur þeirra frá íbúum að Aðalstræti 18. Umhverfismálaráð bendir

á að byggingaleyfi hafi verið veitt fyrir húsi á þessari lóð árið 1989 og því sé ekki um mikla breytingu á lóðinni að ræða. Byggingareitur stækkar til norðurs og er því aðeins stærri er gert var ráð fyrir árið 1989 sem gerir það að verkum að lóðin að Aðalstræti 18 minnkar.

Umhverfismálaráð felur bygg-

ingarfulltrúa að gera nýjan lóðaleigusamning fyrir lóðina að Aðalstræti 18. Ljóst er að verið er að skerða útsýni en sú skerðing er álíka og gert var ráð fyrir árið 1989, sama á við um skuggasöfnun. Ekki liggur fyrir hvort byggingin valdi snjósöfnun og því getur umhverfismálaráð ekki lagt mat á þá athugasemd. Ónæði verð-

ur eitthvað en það er eingöngu á byggingartíma.

Umhverfismálaráð segir aðalskipulagsbreytinguna til þess að breyta óbyggðu svæði til sérstakra nota í svæði fyrir opinberar byggingar. Bréfitara er bent á að öldrunardeild sem getið er um í bréfinu falli undir þann flokk og er því svo litið á að umhverfismálaráð

og bréfitari séu sammála um landnotkun svæðisins. Hvað varðar deiliskipulagið þá er litið svo á að verið sé að mótmæla þeim áformum sem fram hafa komið um að reisa íbúðir aldraðra á svæðinu. Ráðið bendir á að hvorki aðalné deiliskipulag svæðisins komi í veg fyrir að öldrunardeild verði á umræddri lóð.

Deilt um landamerki í Skötufirði

Eigendur jarðanna Kleifa og Borgar í Skötufirði hafa deilt um landamerki milli jarð-

anna á svæði nefnt Eyjar. Héraðsdómur Vestfjarða úrskurðaði að hluti svæðisins

kæmi í hlut eigenda Kleifa en hinn hlutinn væri í eigu eigenda Borgar. Í dómsorðum

segir að skilyrði hefðarlaga um huglæga afstöðu þess sem hefðarland á grundvelli lag-

anna þurfi að vera fullnægt með þeim hætti að sá sem á hefðarland má ekki búa yfir þeirri vitneskju að annar aðili geri sambærilegt tilkall til sama svæðis. Gögn málsins veittu óræka vísbendingu um að frá fornu fari hafi verið óljóst með eignarhald á Eyjunum.

Þá þóttu vera fram komin gögn í dóminum sem sýna fram á að fljótlega eftir að Bjarni Helgason flutti að Kleifum hafi verið uppi ágreiningur milli hans og Magnúsar Guðmundssonar um eignarhald og nýtingu þessa svæðis. Gátu stefndu því ekki gengið út frá því að stefnandi gerði ekkert tilkall til þrætusvæðisins. Þá verður litið til þess að hefðbundinn búskapur lagðist fyrir

löngu af á þessum bæjum og svæði þetta í seinni tíð einkum notað til frístunda.

„Landamerki jarðanna Kleifa og Borgar í Skötufirði skulu vera þessi: Að austanverðu ræður Kleifárós merkjum frá sjó og fram að Borgará, en þaðan ræður Borgará merkjum alla leið fram að Mjódd“, segir í dómnum.

Þá er málinu ekki að fullu lokið þar sem tekið var fyrir sveitarstjórnarfundi Súðavíkurhrepps á dögunum og ábendingum komið á framfæri um að samkvæmt dómnum hafi jarðarspilda sem talin er almenningur og staðsett er milli Ögurbúðardalsár og Hundsár í botni Skötufjarðar verið úrskurðuð eign jarðarinnar Kleifa. Umræða varð um málið og var sveitarstjóra falið að leita álits lögfræðings Súðavíkurhrepps á málinu.

Nýtt ómtæki keypt fyrir bleiku slaufuna

Bleika slaufan, tákn alþjóðlegs árveknisátaks um brjóstakrabbamein sem nú stendur yfir, er kominn í sölu víða á Ísafirði m.a. í Blómaturninum, Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, Lyfju, Birki ehf. og hjá N1. Slaufan kostar að lágmarki 500 krónur og er fólki frjálst að borga meira, en allur ágóði sölunnar í ár rennur til kaupa

á nýju ómtæki við Leitarstöð Krabbameinsfélagsins í Reykjavík. Ómtækið verður notað til nánari greiningar eftir brjóstamyndatökur og við frumrannsókn á brjóstum hjá ungum konum með einkenni.

Undanfarin átta ár hefur október verið helgaður baráttunni gegn krabbameini hér á landi sem og víðar í heiminum. Ár hvert greinast 160-

170 íslenskar konur með brjóstakrabbamein, þar af er nær helmingurinn á aldrinum frá 30 til 60 ára. Fjöldi nýrra tilfella hefur verið að aukast en lífshorfunar hafa einnig batnað mikið.

Áhugasömum er bent á að ýmsar gagnlegar upplýsingar um brjóstakrabbamein og árveknisátakið má finna á bleikaslaufan.is.

Áttatíu og tvær tillögur

Á níunda tug tillagna hafa borist í samkeppni um skjaldarmerki Ísafjarðarbæjar. „82 tillögur komu upp úr umslögunum sem voru 42 og þarf því nefndin tíma til að fara vel yfir hverja og eina tillögu“, segir Kristín Völundardóttir formaður nefndar sem skipuð var um val á byggðamerkinu.

Skilafrestur tillagna í keppnina rann út 31. ágúst og var þá gert ráð fyrir að nefndin myndi ljúka störfum í október. „Nefndin hittist næst 8. október og hefur kallað til listfræðing sér til halds og traust, en hvort nefndin lýkur störfum þá, er of snemmt að segja til um,“ sagði Kristín.

Gistinótt-um fækkar

Heildarfjöldi gistinátta ferðamanna á Suðurnesjum, Veturlandi og Vestfjörðum fækkaði lítillega í ágúst miðað við sama tíma í fyrra.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands kemur fram að í ágúst í fyrra var heildarfjöldi gistinátta 17.711 á þessu svæði en fer niður í 17.555 í ágúst í ár eða niður um tæpt prósentustig. Árið í fyrra var þó metár og ljóst að ferðamannaiðnaðurinn er í mikilli sókn á þessu svæði.

Auglýsa laus störf

Ísafjarðarbær hefur tekið upp þá nýbreytni að birta á vef sínum þau störf sem eru í boði hjá fyrirtækjum og stofnunum í Ísafjarðarbæ, en hingað til hafa aðeins störf á vegum sveitarfélagsins verið auglýst. Er þetta gert til auka þjónustu við íbúa og ekki síst við þá sem eru að íhuga flutning til Ísafjarðarbæjar.

„Viljum því hvetja atvinnurekendur í Ísafjarðarbæ til að senda okkur tilkynningar um lausar stöður“. Pernilla Rein, ritstjóri heimasíðunnar, segir viðbrögðin ekki leyna á sér. „Við erum strax búin að fá góðar viðtökur sem er auðvitað mjög jákvætt.“

Smíði ekki kennd vegna manneklu

Tækni­mennt eða smíði, verður ekki kennd við Grunnskólann á Ísafirði í vetur. Á vefsíðu skólans segir að þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar hafi ekki fengist maður í stöðuna. „Sem kunnugt er þá fékkst ekki tækni­menntakennari til starfa í haust þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Af þeim sökum hefur engin tækni­mennt verið kennd það sem af er vetri. Átlunin var að bjóða upp á tónmenntakennslu í staðinn í samvinnu við TÍ en af því gat því miður ekki orðið. Góðu fréttirnar eru svo þær að tækni­mennta­kennari kemur væntanlega til starfa 1. desember næstkomandi.“



Þröstur spilar á listaviku í Færeyjum

Þröstur Jóhannesson, gítarleikari á Ísafirði hefur verið valinn sem listamaður sveitarfélagsins til að fara til Runvík í Færeyjum á listaviku og atvinnuvegasýningu 28. október til 4. nóvember. Runavík skrifaði menningarmálanefnd bréf og óskaði eftir listamanni og helst tónlistarmanni frá Ísafjarðarbæ, en Runavík er vinabær Ísafjarðarbæjar. Þröstur mun halda nokkra tónleika dagana sem hátíðin stendur yfir og verður einn á ferð.

Stefna hafnaryfirvalda ekki í samræmi við hugmyndir Hvíldarkletts

Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts á Suðureyri segir ekki vera samræmi í stefnu hafnaryfirvalda Ísafjarðarbæjar og þeirra hugmynda sem ferðapjónustufyrirtækið Hvíldarklettur ehf. á Suðureyri hefur verið að vinna með tæknideild sveitarfélagsins í sumar. Hvíldar-

klettur hefur óskað eftir upplýsingum frá Ísafjarðarbæ um stöðu mála varðandi lóðir á Suðureyri og Þingeyri. Í bréfi Elíasar til bæjaryfirvalda segir að félagið hafi í samvinnu við tæknideild unnið að hugmyndum varðandi lóðir við lónið á Suðureyri. „Ekki virðist vera ljóst hvar umsóknin

er stödd í því ferli sem hófst fyrr á þessu ári. Þá er sérstaklega verið að horfa til lóða á Suðureyri fyrir þau hús sem nú þegar hafa verið byggð og eru á bráðabirgðalóð“, segir Elías. „Efni sem tekið var upp úr höfninni var sett á öfugan enda við lón og nú er sagt að það

eigi að dæla efni upp úr innsiglingu hafnarinnar og flytja efnið með töluverðum kostnaði með dælingu í rorum inn í lón“, segir Elías. Hann segir að hægt sé að framkvæma þessa uppfyllingu á mun ódýrari hátt með því að taka meira efni upp úr höfninni við hafnargarð en þar með stækkar

höfnin í samræmi við skipulag. „Eftir stækkun er hægt að koma fyrir nýrri flotbryggju sem mikil þörf er fyrir vegna fjölgun smábáta á Suðureyri. Með þessu er hægt að ská tvær flugur í einu höggi og spara fjármuni. Efninu sem til stendur að dæla upp úr innsiglingu er hægt að nýta í takt við aðrar

þarfir atvinnurekenda á Suðureyri. Vekjum athygli á því að þetta er mál sem liggur á að vinna þar sem allar tafir á afhendingu lóða eru til mikilla ama fyrir okkar uppbyggingu og aðra sem hafa sótt um byggingarlóðir á Suðureyri“, segir Elías.

– tinna@bb.is



Tíu manns tóku þátt í köfunarnámskeiði sem fór fram á Ísafirði í síðustu viku.

Tíu manns tóku þátt í köfunarnámskeiði á Ísafirði

Sveinbjörn Hjálmarsson, Ísfirðingur og köfunarþjálfari, stóð fyrir köfunarnámskeiði á Ísafirði í síðustu viku. Námskeiðið hófst á fimmtudaginn og lauk á sunnudag. Alls tóku 10 manns þátt í námskeiðinu sem gekk, að sögn Sveinbjörns, mjög vel. „Þetta gekk alveg rosalega vel hjá okkur. Fengum kennara frá Reykjavík og það voru allir mjög áægðir.“ Sveinbjörn segir enn fremur að stefnt sé að því að halda annað námskeið í vor.

Kómedíuleikhúsið undirbýr 200 ára afmælishátíð Jónasar Hallgrímssonar

Kómedíuleikhúsið vinnur nú að sérstakri afmælisdagsskrá á Ísafirði í samstarfi við tónlistarmanninn Þröst Jóhannesson, í telfni af 200 ára fæðingarafmæli eins mesta skálds Íslendinga, Jónasar Hallgrímssonar. Eins og alþjóð veit er afmælisdagur skáldsins 16. nóvember, en

um árabíl hefur dagur íslenskrar tungu verið haldinn hátíðlegur á fæðingardegi hans. Um er að ræða veglega dagskrá þar sem ljóðum úr smíðju skáldsins verður gert skil í tali og tónum en yfir 20 ljóð verða flutt. Dagskráin ber nafn eitt af ástsælustu ljóða Jónasar, „Ég

bið að heilsa“, en meðal annarra ljóða í dagskránni má nefna Vísur Íslendinga, Móðurást, Ferðalok og Gunnars-hólmi. Afmælisdagskráin verður frumsýnd miðvikudaginn 7. nóvember kl. 20 á veitingastaðnum Við Pollinn á Hótel Ísafirði. Önnur sýning fer svo fram miðvikudaginn

14. nóvember kl. 20. Þess má til gamans geta að Kómedíuleikhúsið, sem er fyrsta atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum, fagnaði sjálft 10 ára afmæli í ár. Það má því með sanni segja að 2007 sé sannkallað afmælisár hjá Kómedíuleikhúsinu.

– helma@bb.is



Skattstofa Vestfjarðadómæmis

Sérfræðingur

Skattstjórinn í Vestfjarðadómæmi auglýsir lausa stöðu sérfræðings. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða starf við álagningu og endurskoðun skattframtala einstaklinga og lögaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í lögfræði, viðskiptafræði, viðskiptalögfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur en ekki skilyrði.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar veitir skattstjóri í síma 450 3500.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu skulu berast Skattstjóra Vestfjarðadómæmis, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eða á tölvupóstfangið vestfirdir@skattur.is, eigi síðar en 22. október nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Skattstjórinn í Vestfjarðadómæmi
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði
vestfirdir@skattur.is


BÓNUS BÝÐUR BETUR



Danskar svínalundir frosnar
1259 kr/kg. 30% afsláttur 1798 kr/kg.

1259 KR KG

HELGARTILBOÐ



100% Íslenskt ungnautahakk
-engu bætt saman við !

799 KR KG



BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUÐ-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30.

MÍ-ingar stofna utandeild í fótbolta

Nokkrir ungir menntskælingar hafa tekið sig til og stofnað utandeild í fótbolta á Ísafirði. Arnar Guðmundsson, einn stofnandi deildarinnar, segir þetta hafa byrjað fyrir fjórum árum þegar að Boltaklúbburinn Viggó hafi verið stofnaður. „Þetta byrjaði allt árið 2003 þegar að Boltaklúbburinn var stofnaður. Eftir það komu saman fleiri vinahópar og stofnuðu lið og voru tilbúnir til að keppa við okkur. Síðan fjölgaði liðum og þegar mest var þá voru komin fimm lið og úr því varð utan-deildin.“ Arnar segist eiga von á fleiri liðum og að tímabilið sé að byrja.

Varar við gullgrafarastemmn-ingu í tengslum við þorskeldi

Fiskeldi getur nýst afar vel við að byggja upp hagkvæma grein í íslenskum sjávarútvegi, ekki síst við fjörðum á landsbyggðinni þar sem nægilegt rými er til staðar, að því er fram kom í máli Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á opnum fundi Matis um þorskeldi á Ísafirði. Hann segir að með því að hraða þróun í fiskeldi hér á landi sé mögulegt að margfalda framleiðslugetu greinarinnar, skapa aukin atvinnutækifæri víða um land og útvega gott hráefni fyrir kröfuharða markaði. Hann varar hins vegar við gullgrafarastemmningu í tengslum við þorskeldið.

„Eldi er stór hluti af framleiðslu á sjávarfangi og fer

stækkandi á heimsvísu. Því er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að vera virkir þátttakendur í rannsóknum og þróun á þessu sviði. Í þorskeldisrannsóknum hér á landi hefur verið unnið að því að seinka kynþroska þorsks eins og mögulegt er svo hann haldi áfram að stækka þannig að hægt verði að auka hagkvæmni í eldinu,“ sagði ráðherra. Þá kom fram í máli hans að uppbygging þorskeldis á Íslandi í atvinnuskyni sé mjög mikilvægt en um leið áhættusamt langtímaverkefni sem krefst samstillts átaks opinberra aðila og einkafyrirtækja.

Við erum nú á þessum tímapunkti stödd á eins konar þröskuldi hvað þorskeldið áhrærir. Við þurfum að taka

ákvörðanir um framtíðina og hvert skuli stefna. Þrotlaus, kostnaðarsöm og þolinmóð vinna er að baki. Við höfum lært mikið og nú er komið að því að taka skrefin fram á við. Þótt öllum spurningunum hafi ekki verið svarað vitum við að það felast miklir möguleikar í þorskeldinu; möguleikar sem ég er ekki einn um að binda miklar vonir við,“ sagði Einar Kristinn.

Ráðherrann benti hins vegar á að þeir sem kæmu að fiskeldi yrðu engu að síður að gá að sér. „Mér finnst ég skynja núna dálítið svipaða umræðu um þorskeldið og í árdaga þeirrar atvinnustarfsemi. Gullgrafarastemmminguna. Hún á lítinn rétt á sér. Þorskeldið krefst sem fyrr mikils fjár-

magns og þekkingar sem bara fæst af reynslu og með vísindalegri nálgun. Menn byggja ekki upp þorskeldi eins og hendi sé veifað. Það krefst allt annarra vinnubragða og gríðarlegrar ögunar. Það kennir okkur reynslan og er hún ekki alltaf ólygnust? Hér inni má finna menn með þessa miklu reynslu og þekkingu sem geta borið um allt þetta. Það er á grundvelli þeirrar reynslu sem ég held að við eigum að byggja okkar næstu skref. Og því tel ég að stjórnvöld eigi að styðja við slíka viðleitni af hálfu atvinnugreinarinnar sjálfrar, þar sem menn byggja á þeirri þekkingu sem hefur safnast upp innan fyrirtækjanna og í vísindasamfélaginu okkar,“ sagði Einar.

Vefur Menningarráðs Vestfjarða kominn í loftið

Nýr vefur Menningarráðs Vestfjarða var opnaður í síðustu viku. Á vefnum er að finna margvíslegar upplýsingar um menningarlíf á Vestfjörðum og starfsemi Menningarráðsins, fréttir af atburðum og tíðindi úr menningarlífinu, tenglar og upplýsingar um styrki Menningarráðsins ásamt vefformi með umsóknareyðublaði. Nemendur í 4. bekk Grunnskólans á Hólmavík aðstoðuðu Jón Jónsson, menningarfulltrúa Vestfjarða, við að opna vefinn á héraðsbókasafni Strandasýslu eftir að hafa hlýtt á pistil um nýsköpun og gildi einstaklingsframtaksins í menningarstarfi.

Lagt var út frá því hvað hefði breyst til hins betra á



Fjórförð bekkur Grunnskólans á Hólmavík ásamt Jóni Jónssyni menningarfulltrúa og Arnari S. Jónssyni nýbúinn að opna nýja menningarvefinn og breyta þannig heiminum pínulítið.

Hólmavík og Ströndum frá því nemendurnir sjálfir komu í heiminn fyrir 9 árum. Í framhaldi af því ræddi hópurinn á

hvaða sviðum menningar- og félagslífið gæti verið öflugra, hvar sóknarferin lægju og hvernig nemendurnir sjálfir

gætu breytt heiminum til hins betra þegar fram líða stundir ef aðrir verða ekki fyrri til. Að loknum umræðum var svo vefurinn opnaður við mikinn fögnuð.

Með opnun vefjarins er einnig opnað fyrir styrkumsóknir til Menningarráðsins vegna menningarstarfs og menningarverkefna á árinu 2007. Umsóknarfrestur er til föstudagsins 2. nóvember og eru eyðublað og úthlutunarreglur aðgengilegar á vefnum.

Vefurinn vestfirskmenn-ing.is er unninn í vefumsjónarkerfinu Snerpil sem vefyrirtækið Snerpa á Ísafirði á veg og vanda að. Útlitshönnun var í höndum Ágústs Atlasonar hjá Snerpu.

Þróun útsvarstekna sveitarfélaga á Vestfjörðum mjög misjöfn

Útsvarstekjur Ísafjarðarbæjar, Súðavíkur, Bolungarvíkur og Strandabyggðar eru í takt við þróun á landinu almennt og eru ekkert verri en sambærilegir staðir annars staðar á landinu segir Vífill Karlsson, atvinnuráðgjafi og dósent við Viðskiptaháskól-

ann í Bifröst, í nýúkominni skýrslu sinni um þróun útsvars árin 2001-2006. Þegar að útsvarstekjur sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum eru skoðaðar má hins vegar sjá að þær minnka milli ára. Til að mynda hafa útsvars-tekjur Tálknafjarðarhrepps

minnkað um 15% að raungildi undanfarin fimm ár.

Vífill segir skýringu þess að sunnanverðir Vestfirðir skeri sig úr með þessum hætti vera einfalda. „Ástæðan er sennilega fólksfækkun og lækkun tekjuskatts úr 30% í 18% árið 2002. Eftir þá lækk-

un fóru margir að gera upp reksturinn á sérstaka kennitölu en áður var það gert á eigin kennitölu. Áður fyrr komu tekjurnar fram í útsvarinu sem sveitarfélagið fékk svo en það er ekki þannig í dag. Menn hafa kvartað mikið yfir þessu.“

– gunnaralli@bb.is

Fornminjar í hættu vegna vegalagningar

Engir munir hafa fundist í mannbústað sem Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hefur verið að rannsaka í Hrútey í Mjóafirði. Talið er að bústaðurinn sé frá um 1200. Vitað er um þrjár rústir á eyjunni sem gætu verið fornminjar en þær sem nú er verið að rannsaka eru í hættu vegna lagningar vegarstæðis yfir Mjóaffjörð og því var drifið í að skrá þær og rannsaka. Fornleifavernd og Vegagerðin hafa svo ákvörðunarvaldið um hvað gert verði gert í stöðunni.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Árholt 5, Ísafirði

Steinteypt einbýlishús með tvöföldum bílskúr, samtals 197 m², fjögur svefnherbergi, nýtt þak og baðherbergi endurnýjað.

22.900.000,-

Fjarðarstræti 38, Ísafirði

72 m² mikið endurnýjuð þriggja herbergja íbúð á 2.hæð í fjölbýlishúsi.

9.500.000,-

Lyngholt 2, Ísafirði

183 m² einbýlishús úr timbri með bílskúr, baðherbergi endurnýjað, fjögur svefnherbergi, nýr sólpallur.

21.500.000,-

Túngata 18, Ísafirði

53,4 m² tveggja herbergja íbúð á 1.hæð í fjölbýlishúsi, ný eldhúsinnetting.

6.500.000,-

Fjarðarstræti 27a, Ísafirði

233 m² nýlegt parhús á tveimur hæðum með kjallara og bílskúr, fjögur herbergi. Húsið var byggt árið 2000.

27.500.000,-

Sætún 7, Suðureyri

131 m² steinteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 43 m² bílskúr, samtals 174 m² að stærð. Fallegur garður.

10.000.000,-

Stakkanes 6, Ísafirði

144,2 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 29,6 m² bílskúr. Þrjú svefnherbergi, sólstofa og glæsilegur sólpallur.

19.500.000,-

Miðstræti 10, Bolungarvík

170 m² einbýlishús á tveimur hæðum, fjögur svefnherbergi.

11.000.000,-

Vitastígur 3, Bolungarvík

624 m² verslunarhúsnæði á 1.hæð með lagraðstöðu, kæli og frysti einnig fylgir hluti kjallara.

Tilboð óskast

Þróunin á Vestfjörðum

Sveitarfélag	–	Þróun –	Þróun að raungildi
Ísafjarðarbær		40%	14%
Bolungarvík		26%	3%
Súðavík		30%	6%
Strandabyggð		40%	14%
Tálknafjörður		4%	-15%
Reykholar		11%	-10%

Lagt til að fjárveiting verði aukin um 18 milljónir

Í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2008 er lagt til að fjárveiting til Hrafnseyrarnefndar verði hækkuð um 18 milljónir króna. Af þeirri fjárhæð eiga 15 milljónir að fara til endurnýjunar á safni Jóns Sigurðssonar og umhverfisfrákvæmda á Hrafnseyri sem er liður í undirbúningi að hátíðarhöldum vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta árið 2011. Verður það fyrsti hluti af 80 milljóna króna tímabundnu framlagi, sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu á næstu fjórum árum. Þá er gert ráð fyrir þriggja milljóna króna fjárveitingu vegna breytinga á starfsskipulagi á Hrafnseyri og til ráðstefnuhalds um safn Jóns Sigurðssonar og Hrafnseyri í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða.

Safnahúsið og Holtskirkja böðuð í bleiku ljósi

Í tilefni þess að október mánuður verður helgaður baráttu gegn brjóstakrabbameini verða ýmsar byggingar lýstar upp með bleiku ljósi um allan heim. Í Ísafjarðarbæ verða Safnahúsið á Ísafirði og Holtskirkja í Önnundarfirði lýst upp með þessum hætti. Vonir standa til að hægt verði að lýsa einnig upp Hólskirkju í Bolungarvík en óvíst er að af því verði vegna bilunar í kösturum. Er þetta liður í alþjóðlegu árveknisátaki sem nú er hrint af stað áttunda árið í röð að frumkvæði Estée Lauder. Bleik slaufa er tákn átaksins.

Konur eru þá fræddar um brjóstakrabbamein og hvattar til að nýta sér boð Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins um röntgenmyndatöku. Bleiku slaufurnar má nálgast í rúmlega þrjátíu verslunum hér á landi m.a. í Lyfju á Ísafirði. Öllum ágóða af sölnunni verður varið til verkefna sem valin verða í samráði við Krabbameinsfélagið og Samhjálp kvenna, sem eru samtök kvenna sem greinst hafa með krabbamein í brjóstum.

Ár hvert greinast 160-170 íslenskar konur með brjóstakrabbamein, þar af er nær



Safnahúsið á Ísafirði verður lýst upp í bleikri birtu.

hellingurinn á aldrinum frá 30 til 60 ára. Fjöldi nýrra tilfella hefur verið að aukast en lífshorurnar hafa einnig batnað mikið. — thelma@bb.is

Pabbinn á Þingeyri

Einleikurinn Pabbinn verður sýndur í félagsheimilinu á Þingeyri 17. október kl. 20. „Þegar ljóst var að sýna átti Pabbann á Ísafirði þá var bara drifið í því að fá hann til að koma degi fyrr og sýna á Þingeyri og tók Pabbinn vel í það. Vonandi að Þingeyringar og aðrir fjölmenni á sýninguna og njóti vel,“ segir í tilkynningu frá skipuleggjendum sýningarinnar. Leikstjóri sýningarinnar er Sigurður Sigurjónsson og leikari og handritshöfundur er Bjarni Haukur Þórsson.



Slökkviliðsmenn að störfum á þaki hússins.

Eldsupptök óljós

Ekki hefur fengist staðfest hver voru upptök eldsins sem kom upp í Íþróttahúsinu í Bolungarvík 23.september sl. Talsverðar skemmdir urðu af völdum elds, reyks og vatns, auk þess sem slökkvilið þurfti að rjúfa þak hússins á um 20 fermetra svæði. Gunnar Hallsson, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar, segir að grunur beinist að loftljósum í sal Íþróttamiðstöðvarinnar en ekki sé hægt að staðfesta það. „Það hefur ekki fengist staðfesting á eldsupptökum en grunur

beinist að loftljósum í salnum. Rafvirkjar eru að skipta þessum ljósum út núna og það er búið að panta ný sem koma eftir tvær til fjórar vikur. Ég get ekki sagt til um hvenær við opnum salinn aftur en það er verið að skoða hvort hægt sé að setja um bráðabirgða ljós svo salurinn sé nothæfur fyrir Grunnskólann.“

Gunnar segir ekki ljóst hve mikild tjónið sé og það sé í skoðun hjá tryggingafélaginu. „Við höfum ekkert fengið staðfest um það.“ — gunnaratli@bb.is

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafirði | Höfn | Skaftárhöfn | Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Vestmannaeyjar | Selfoss | Reykjanesbær

Spennandi tækifæri

Intrum á Íslandi leitar að starfsmanni í nýtt stöðugildi á skrifstofu fyrirtækisins á Ísafirði.

Þjónustufulltrúi – Greiðendabjónusta

Við leitum að áreiðanlegum og samviskusömum starfsmönnum sem hafa ríka þjónustulund, eru nákvæmir í starfi og með framúrskarandi samskiptahæfileika. Starfið felst í almennri vinnslu innheimtumála á milliinnheimtu- og lögfræðistigi. Meðal verkefna eru afgreiðsla og upplýsingagjöf til greiðenda, símsvörun, hringingar í greiðendur, gerð samninga og greiðslusamkomulaga, auk ýmiss konar skjala- og tölvuvinnslu. Góð tölvu- og íslenskukunnátta er skilyrði og reynsla af skrifstofu- og bankastörfum kostur.

Í boði er þjálfun á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir, ráðningarstjóri Intrum á Íslandi, í síma 440 7122. Vinsamlegast sakið um á heimasíðu www.intrum.is. Umsóknarfrestur er til 15. október 2007. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

intrum justitia
VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA



Fimm ættliðir saman komnir

Það er ekki á hverjum degi sem fimm ættliðir koma saman en það gerðist við það gleðilega tilefni þegar skírt var í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 23. september. Barnið heitir Stefán Andri Björnsson. Foreldrar hans eru Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir og Björn Fannar Hafsteinsson sem eru búsett á Akureyri vegna náms beggja. Prestur var sr. Fjölur Ásbjörnsson, prestur á Skagaströnd. Á meðfylgjandi mynd eru Stefán Haukur Tryggvason, Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir sem heldur á nýskírðum Stefáni Andra, Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir (eldri) og Ásta Þórgerður Jakobsdóttir. — thelma@bb.is

MITSUBISHI L200 – ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

2.990.000 kr.



Virkur þátttakandi

Mitsubishi L200 er fjölhæfur ferðafélagi sem er meira en til í að taka þátt í öllum áhugamálum fjölskyldunnar.

Mikilvægir eiginleikar

- Öflug dísilvél
- Minnsti beygjuradius sambærilegra bíla
- 2.800 kg dráttargeta

- Opnanleg afturrúða
- Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero
- Stöðugleikastýring

Komdu og reynsluaktu



Sölumboð HEKLU á Ísafirði — HV umboðsverslun

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranes • Ísafold • Reyðarfjörður • Reykjavík • Suðeyri



Mannlífið

Smáauglýsingar

Til sölu er Hyundai SantaFe árg. 2004, ekinn 55 þús. km., 4 cyl., beinskiptur. Einn með öllu. Nagladekk fylgja. Ásett verð kr. 2,1 milljón. Upplýsingar í síma 691 2111.

Til sölu er bassabox og magnari í bíl. 12" 1200w Soundstorm Force bassakeila 850W Soundstorm magnari. Fjarstýring með magnara. 90L bassabox og snúrukit. Verð kr. 30 þús. Uppl. í síma 456 7567.

Þrír yndislegir, þriggja mánaða gamlir kettlingar óska eftir nýju heimili. Hafið samband í síma 848 4494.

Til sölu eru fjögur negld vetrardekk á felgum. Stærð 205/55 16. Uppl. í sínum 898 0460 og 456 4060.

Þar með tvö börn óska eftir íbúð á Ísafirði til leigu frá og með 15. desember. Reglusemi heitið. Uppl. í síma 849 8699.

Til sölu er keramik helluborð. Uppl. í síma 864 6125.

Til sölu er Volvo V70 Cross Country árg. 99. Innfluttur 05. Ekinn 108 þús. mílur. Sjálfskiptur, 189 hestöfl, 4x4, topplúga. Leðurinnrétting, dráttarkúla og fleira. Verð kr. 1.550 þús. Skipti á ódýrari bíl koma til greina. Uppl. í sínum 862 6097 og 456 4562.

Til sölu er nýr og stór eldhúsvaskur með grænmetishólf og plötu. Kostar nýr kr. 26 þús. Selst á kr. 20 þús. Hafið samband við Matta í síma 864 0767.

Til sölu eru ágætis vetrardekk á felgum fyrir Suzuki Vitara. Verð kr. 20.000. Uppl. í síma 869 7557.

Félag eldri borgara! Fyrsta félagsvist haustsins verður í Safn- aðarheimili Ísafjarðarkirkju 16. október kl. 14:00. Nefndin.

Verkefnisstjórn atvinnuátaks

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar leggur til að gengið verði til samninga við væntanlegt félag í eigu Steinþórs Bragasonar, Ólafs Arnar Ingólfssonar, Einars Ársæls Hrafnssonar og Sigmundar R. Guðnasonar um verkefnisstjórn á fyrirhuguðu átaki til atvinnusköpunar í Ísafjarðarbæ. Umsækjendur um stöðuna mættu til fundar við nefndina á miðvikudag, gerðu grein fyrir því hvernig þeir hygðust standa að verkinu og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Spurning vikunnar

Er rétt að greiða atvinnulausum styrk til að flytjast á milli landshluta?

Alls svöruðu 632.
Já sögðu 166 eða 26%
Nei sögðu 427 eða 68%
Hlutlausir voru 39 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Vetrarstarf Sunnukórsins hafið

Vetrarstarf Sunnukórsins á Ísafirði hófst í síðustu viku eftir viðburðarríkt sumar en sem kunnugt er fór kórinn í mikið söngferðalag um Eystrasaltlöndin í júní. Að sögn Ingunnar Óskar Sturludóttur, kórstjóra hefst starfið með æfingum fyrir aðventukvöld í Ísafjarðarkirkju. „Síðan eru á dagskrá ýmis skemmtileg verkefni eins og t.d. Sunnukórballið sem alltaf er haldið í lok janúar. Nýir söngfélagar eru ávallt velkomnir og auðvitað er alltaf gaman þegar maður sér gamalkunnug andlit mætt að nýju eftir nokkurt hlé. En því er ekki að neita að við yrðum sérlega ánægð ef einhverjir söngglaðir karlar, ungir jafnt sem aldnir, hefðu áhuga á að slást í hópinn og taka þátt í skemmtilegu starfi með Sunnukórnum,“ sagði Ingunn Ósk.



Húsmæðurnar hlakka til að fara í aðra ferð að ári.

Vestfirskar húsmæður í orlofsferð

Tuttugu og sex vestfirskar húsmæður lögðu land undir fót föstudaginn 31. ágúst og héldu í fjögurra daga orlofsferð um sunnlenskar grundir. Fararstjórar í ferðinni voru Sólrún Ólafsdóttir og Kristjana Andrésdóttir og hafa þær sent blaðinu ferðasöguna.

„Við mættum í ferjuna Baldur um hádegi og lögðum af stað í blíðskaparveðri. Breiðafjörður skartaði sínu fegursta og allir voru í sólskinsskapi. Um borð buðum við upp á ískalt freyðivín sem fararstjórnir báru fram skreyttar kanínueyrum og slaufu um hálsinn sem vakti kátinu ferðalanga hvort sem þeir tilheyrðu orlofsferðinni eða ekki. Síðan var borinn fram hádegisverður sem bragðaðist mjög vel og konur voru léttar í lund og fullar tilhlökkunar þegar lagt var að bryggju í Stykkishólmi. Þar beið okkar rúta sem við höfðum svo full afnot af alla ferðina. Bílstjóri var Ásgeir Einarsson.

Keyrt var sem leið lá í Ölfusið nánar tiltekið veitingahúsið Básinn sem þar er. Staðarhaldari tók þar á móti hópnum úti á hlaði eins og góðra gestgjafa er siður og sýndi okkur húsakost sem er mjög skemmtilegur og sérstakur. Þarna fengum við súpu, brauð og pasta, allt mjög gott. Því næst fórum við á Hótel Heklu

á Skeiðum þar sem við hreiðuðum um okkur. Sumar skelltu sér í heita pottinn og létu líða úr sér eftir langt ferðalag.

Laugardagur rann upp, ferðalangar mættu snemma í morgunmatinn og tóku sér góðan tíma áður en lagt var í hann. Kl. 10 var svo farið af stað og var ferðinni heitið í rjómaþúfi að Baugstöðum sem er yfir 100 ára gamalt en var starfrækt til 1950. Þetta var fróðlegt að sjá og við

hrukum allar aftur í tímann. Eftir þetta renndum við til Stokkseyrar og fórum þar í gallerí sem er starfrækt í gamla frystihúsinu þar. Þar var margt að skoða og fallegir hlutir sem eru þar til sýnis. Þegar við höldum að við hefðum séð allt í galleríinu var okkur boðið upp á næstu hæð og í herbergi þar. Við settumst í stóla og horfðum á mynd af Íslandi sem var þar uppi á vegg. Þar var þúfið að merkja alla vita á

landinu inná og skyndilega hljómaði lagið „Brennið þið vitar“ eftir Pál Ísólfsen í hátölurum. Jafnframt kviknuðu ljós á hverjum vita fyrir sig, hringinn í kringum landið. Þetta var stórkostleg upplifun og við fórum allar í trans þar sem við sátum þarna.

Þessu næst fórum við í veiðisafnið, en það er safn með uppstoppuðum dýrum sem veiðimaðurinn Páll Reynisson hefur safnað í gegnum

tíðina. Þetta er ótrúlegt safn og mjög gaman að skoða það. T.d. er þarna hálfur gíraffi því hann komst ekki allur inn í húsið og fegnar vorum við að ljónið var ekki lifandi svo eðlilegt var það.

Næst á dagskrá var að borða í Rauða húsinu á Eyrarbakka og þar fengum við himneska humarsúpu ásamt heimabökunni brauði sem rann ljúflega niður.

Saddar og sælar höldum við



Tuttugu og sex fönuglegar húsmæður að vestan fóru í orlofsferð.

Ísafjarðarbær mætir Reykjanesbæ

Ísafjarðarbær mætir Reykjanesbæ í fyrstu umferð í Spurningakeppni sveitarfélagana sem hefur hlotið nafnið Útsvar. Keppnin er þegar hafin en Ísafjarðarbær keppir í fyrstu umferð 16. nóvember. Útsvar er nýr þáttur þar sem 24 sveitarfélög keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik. Þættirnir eru í beinni útsendingu á föstudagskvöldum Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur B. Guðnason og útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson. Ólína Þorvarðardóttir, Halldór Smárason og Ragnhildur Sverrisdóttir skipa lið Ísafjarðarbæjar í keppninni.



„Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof.“ Svo segir í vinnureglum fyrir orlofsnefndir.

aftur af stað, fórum gegnum Selfoss og sem leið lá að Sólheimum í Grímsnesi þar sem margt bar fyrir augu og eyru. Þarna er rekið lífrænt kaffihús, listagallerí, vinnustofa og margt fleira. Þarna var vel tekið á móti okkur og hefðum við getað unað okkur þarna miklu lengur, en okkur var ekki til setunnar boðið, tíminn flaug áfram. Við komum aðeins við í kertasmíðjunni á Brautarholti þar sem sumar okkar stóðust ekki mátið og keyptu sér falleg og frumleg kerti.

Nú var degi farið að halla og við drifum okkur á hótelið að gera okkur klárar fyrir kvöldmatinn. Hann var á Hestakránni sem er gamalt refabú. Þar var búið að grilla fyrir okkur dýrindis steikur sem við gerðum að sjálfsögðu góð skil. Eftir matinn kom kona sem heitir Ásta til okkar og kenndi okkur “hláturjoga”. Þetta var alveg bráðskemmtilegt og það endaði með því að við vorum farnar að gráta af hlátri, án þess eiginlega að hafa hugmynd af hverju. Það voru allar konurnar í léttu

skapi þegar haldið var heim á hótelið og lögðust til hvílu með bros á vörum eftir góðan dag.“

Allir sælir og glaðir með ferðina

„Sunnudagurinn rann upp, bjartur og fagur og engin miskunn var hjá fararstjórnunum. Við lögðum af stað eftir góðan morgunmat og var stefnan tekin á Skálholti þar sem við ætluðum að vera við messu kl. 11. Það hafði verið auglýst í Morgunblaðinu að það yrði kóramót í Skálholti og áttu kórarnir að syngja í messunni. Þetta mót féll hinsvegar niður svo engir kórar voru til söngs. Þessu redduðum við vestfirsku húsmæðurnar og sungum allar sem ein og tókum virkan þátt í messunni en í okkar röðum voru konur sem hafa sungið í kirkjukórum í áraraðir svo allt gekk þetta vel þó enginn væri organistinn. Að lokinni messunni kom séra Egill Hallgrímsson til okkar og þakkaði

okkur sérstaklega fyrir frábæra þátttöku.

Eftir þetta vorum við auðvitað alveg í skýjunum og komum uppveðraðar á Laugarvatn þar sem Gallerið hjá Þuríði var skoðað og síðan snæddum við hádegisverð hjá þeim heiðurshjónum Bryndísi og Guðmundi Óskari í Tjaldmiðstöðinni. Áfram var haldið og nú lá leiðin að Geysi og alltaf er nú jafn tignarlegt að sjá Strokkl gjósa sínum fallegu gosum. Geysisstofa var síðan skoðuð og voru margar okkar sem höfðu aldrei komið í hana. Eftir þetta fórum við í gróðrastöðina að Espiflöt þar sem við fræddumst um blómarækt. Þá fórum við næst að Gullfossi þar sem fagur regnbogi myndaðist yfir höfðum okkar þó engan fyndum við gullpottinn. Við höfðum leiðsögumanninn Jóhannes Sigmundsson frá Langholti okkur til halds og trausts og hann sagði okkur frá því sem fyrir augu bar enda fróður og skemmtilegur maður.

Eftir 8 klst. ferð drifum við okkur heim og skelltum okkur í pottinn og höfðum okkur

svo til fyrir hátíðarkvöldverð á hótelinu þar sem við höfðum einnig kvöldvöku þar sem mikið var hlegið og trallað.

Næsta morgunn var vaknað snemma því við þurftum að ná ferjunni kl. 14. Við lögðum af stað fyrir kl. 9 og komum við á Heilsuhælinu í Hveragerði þar sem önnur fararstýran varð eftir enda alveg útkeyrð eftir ferðina og veitti ekki af hvíldinni, blessaðri. Ómögulegt reyndist síðan að hemja sumar af konunum þegar Kringlan og Smáralind fóru að sjást í hillungum og stukku nokkrar út í höfuðborginni til að svara verslunarþörfinni. Þær sem gátu stillt sig um það, héldu áfram í Stykkishólmi þar sem Baldur beið okkar við bryggju og þar áttum við síðustu samverustundirnar í þessari ferð. Hver mínúta var nýtt til fulls og ferðin hin ánægjulegasta. Á bryggjunni á Brjánslæk biðu bílarnir okkar brosandi og fluttu okkur síðasta spölinn heim.

Allar voru sælir og glaðir með ferðina sem okkur fannst heppnast í alla staði mjög vel.“

— Sólrún Ólafsdóttir.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austlæg átt, 10-18 m/s og rigning, hvassast syðst. Hiti 4-10 stig. **Horfur á laugardag:** Suðlæg eða breytileg átt, 5-10 m/s. Rigning eða skúrir, en þurrt á NA-landi og Vestfjörðum. Svipaður hiti. **Horfur á sunnudag:** Suðvestanátt og vætusamt. Svipað hitastig og dagana á undan.



Sælkeri vikunnar er Guðrún Guðmundsdóttir á Flateyri

Ýsuréttur að hætti Gunnu

Sælkeri vikunnar býður upp á dýrindis fiskirétt þar sem ýsan spilar aðalhlutverkið. Guðrún mælir með að bera réttinn fram með hrísgrjónum, rascality og góðu snittubrauði eða samsölu hvítlauksbrauði. Í eftirrétt er gómsæt kaka sem kallast Ein sem klikkar ekki! og segir nafnið allt sem segja þarf.

Ýsu-réttur

700 g ýsa
1 paprika
100 g rækjur
100 g sveppir (nýir/ein dós)
3 msk smjör
3 msk hveiti
1 tsf salt
1 tsf karrý
Hálfur piparostur
1peli rjómi

bráðna. Kryddið. Rækjurnar settar út í og ýsan og látið þetta malla í 3-5 mín.

Ein sem klikkar ekki!

2 marensbotnar
4 eggjahvítur
1½ dl sykur
1½ dl púðursykur
2 bollar risecrispies

Krem

4 eggjarauður
50 g flórsykur
40 g smjörlíki
80g suðusúkkulaði

Þeytið eggjarauðurnar og flórsykurinn vel saman í skál. Bræðið smjörlíki og suðusúkkulaðið saman og bætið varlega við hitt. Á milli botnanna er svo settur ½ l rjómi og mjög gott er að setja Nóa kropp inni hana líka og ofan á kremið. Verði ykkur að góðu og njótið vel.

Ég skora á bróður minn, Steinþór Guðmundsson, á Ísafirði til þess að koma með uppskrift í næsta blað.

Gospeltónar í Hnífsdal

Óskar Einarsson gospel-frömuður frá Reykjavík heldur gospelnámskeið í Hnífsdal þriðju helgina í október. Með honum í för verða söngkonurnar og raddþjálfarnir Hrönn Svansdóttir og Fanney K. Tryggvadóttir. Er þetta í þriðja sinn sem Óskar kemur á norðanverða Vestfirði með námskeið en árið 2003 hélt hann tvö námskeið í Bolungarvík 2003. Fyrra námskeiðið var öllum opið og var mjög vel sótt. Þá endaði námskeiðið með tónleikum og var húsfyllir á þeim, en námskeiðinu nú lýkur einnig með tónleikum. Seinna námskeiðið var eingöngu fyrir kórfélaga í Gospelkór Vestfjarða og mæltist það vel fyrir meðal félaganna.



Gospel tónlistin var spiluð í kirkjum afrísk-amerískra manna í Bandaríkjunum á fyrsta ársfjórðungi 20. aldar. Síðan hefur hún breiðst víða um heiminn og notið sívaxandi vinsælda meðal tónlistarunnenda. Námskeiðið verður haldið í gamla barnaskólanum í Hnífsdal og stendur yfir frá 19. -21. október. Endað verður á tónleikum í Ísafjarðarkirkju klukkan 14 á sunnudeginum.

— thelma@bb.is

Framkvæmdir við jarðgöng undir Óshlíð hefjast að ári

Framkvæmdir við jarðgöng til Bolungarvíkur hefjast á næsta ári og er gert ráð fyrir að útböð fari fram á næstu vikum. Eins og greint hefur verið frá fá fjórir aðilar að bjóða í verkið. Um er að ræða jarðgöng milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, ásamt bygg-

ingu forskála og vega. Göngin eiga að vera 8,7 metra breið og 5,1 kílómetri að lengd. Einnig á að byggja um 310 metra langa steinsteypa vegskála, og 3 kílómetra langa vegi og tvær 15 metra langar steinsteypar brýr. Þá er einnig stefnt að því að hafnarfram-

kvæmdir í Bolungarvík verði boðnar út á næstu vikum en þær hafa tafist vegna langs afgreiðslutíma efnis frá útlöndum.

Eins og fram hefur komið hafa framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð einnig tafist en orsök þess eru ný lög sem

tóku gildi um áramót er lutu að umhverfismati áætlana. Aðalskipulag mun öðlast samþykki ráðherra á næstu dögum og er eingöngu beðið eftir að framkvæmdasýslan bjóði verk-ið út.

– thelma@bb.is

Bolungarvík.



Bannað að rukka fyrir skólaferðalög

Grunnskólar mega ekki taka gjald fyrir vettvangsferðir nemenda á skólatíma. Í Fréttablaðinu kemur fram að menntamálaráðuneytið segi að grunnskólum sé óheimilt að taka gjald fyrir ferðalög nemenda á almennum kennsludögum. Haft er eftir Kristni Breiðfjörð, varaformanni Skólastjórafélags Íslands, að hann viðurkenni að skólar virðist hafa verið í órétti með því að rukka foreldra.

„Mér sýnist að annaðhvort verði sveitarfélögin að setja meira í þetta eða þá að skólarnir dragi úr ferðum og öðru þar sem foreldrar hafa tekið þátt,“ segir Kristinn og bætir við. „Það kæmi mér ekki á óvart að skólarnir hafi verið á gráu svæði en ég er ekki viss um að þessi túlkun skeri úr um öll vafaatriði. Nú þurfum við að

fara ofan í það.“

Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði segir að almennt séu allar ferðir skólans nemendum að kostnaðarlausu. „Eina ferðin sem nemendur hafa greitt, annað en fæði, er haustferð 10. bekkjar sem kostaði um 5000 krónur í haust. Að vísu er vorferð 10. bekkjar afkrastur söfnunar meðal nemenda í heilan vetur, sú söfnun dugar yfirleitt til að dekkja allan kostnað.“

Í frétt Fréttablaðsins kemur fram að niðurstaða ráðuneytisins er að samkvæmt grunnskólaálögum frá 1995 má alls ekki rukka nemendur eða forráðamenn um gjald fyrir ferðalög sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi.

– thelma@bb.is



Norskir þyrlusveitarmenn heimsóttu Ísafjörð í síðustu viku.

Norsk þyrlusveit heimsótti Ísafjörð

Norsk þyrlusveit lenti á Ísafjarðarflugvelli á fimmtudag í síðustu viku ásamt þyrilu Landhelgisgæslunnar. Norðmennirnir voru staddir á Íslandi í skemmtiferð og ferðuðust hringinn í kringum landið. Til gamans má geta þess að þessi tiltekna sveit, sem ber númerið 330, hefur sögulega tengingu við Ísland en hún var með aðsetur á Íslandi í seinni heimstyrjöldinni, fyrst í Reykjavík og síðar á Akureyri. Við komuna á Ísafjörð beið hópsins varðskipið Týr sem bauð köppunum um borð. Þar tóku ferðalangarnir þátt í æfingu og var síðan boðið í mat. Að sögn Sigríðar Rögnu Sigurðardóttur upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar gekk heimsóknin vel fyrir sig. Hópurinn, sem taldi um 12 manns, hélt á brott frá Ísafirði nokkrum klukkustundum eftir landingu og var ferðinni haldið til Akureyrar og síðan til Reykjavíkur.

– thelma@bb.is

Jarðhitaleit hefst vestra á næsta ári

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og ráðherra byggðamála, gaf fyrir stuttu út þá yfirlýsingu að aukið fjármagn yrði sett í jarðhitaleit í Ísafjarðarbæ.

Vinna við jarðhitaleitina er nú komin í gang og segir Sölvi Sólbergsson, framkvæmdastjóri orkusviðs hjá Orkubúi Vestfjarða, að verkið verði boðið út á þessu ári.

„Íslenskar orkurannsóknir eru ennþá að skoða fyrri rannsóknir og boranir á svæðinu. Ég á von á að þeirri vinnu ljúki um miðjan október og þá er kominn grundvöllur fyrir tæknilegum upplýsingum og val á boraðferð og fleiru. Síðan tekur við vinna við að semja

útböðsgögnin. Samhliða gerð útböðsgagna þarf að fá tilskilin leyfi frá Ísafjarðarbæ sem er aðallega borplan á verk tíma og staðsetning holunnar.“

„Ef vel tekst til, bæði að holan gefi nægilega heitt vatn og í nógu miklu magni, þá verður holan að vinnsluholu. Koma þarf þá fyrir dæluskúr og annarri aðstöðu sem þarf að falla að skipulagi. Orkubúið ætlaði að ná að bjóða út og semja við verktaka á þessu ári og gefa síðan langan verk tíma, þannig að verktaki hefði í hendi sér hvenær á árinu 2008 hann framkvæmdi verkið. Þetta er gert til að ná sem hagstæðustu verðum.“ – gunnaratli@bb.is

Leggja fram frumvarp um háskóla á Ísafirði

Þrír þingmenn Frjálslynda flokksins hafa lagt fram frumvarp á Alþingi um stofnun Háskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Vísa þingmennirnir m.a. í ályktun, sem samþykkt var á fjórðungsþingi Vestfjarða í sumar um stofnun slíks háskóla.

Í greinargerð með frumvarpinu segir, að Vestfirðingar hafi staðið frammi fyrir erfiðum byggðavanda undanfarin ár og hafi stjórnmöld viðurkennt vandann, nú síðast með boðuðum mótvægisáðgerðum vegna samráttar í veiðum á þorski fyrir næstu fiskveiðiár.

Vestfirðingar búi við einhæft atvinnulíf og því ljóst að samdrátturinn muni hafa veruleg áhrif á afkomu fólks á svæðinu. Vonir standi til þess að með stofnun háskóla verði þessi áhrif milduð enda megi gera ráð fyrir að háskóla fylgi aukin tækifæri til nýsköpunar

og sérhæfingar.

Frá árinu 2005 hefur verið starfrækt Háskólasetur Vestfjarða þar sem Vestfirðingar hafa átt þess kost að stunda nám við aðra háskóla í landinu. Er nú áætlað að um það bil 150 nemendur stundi þar fjarnám.